




Sjávarutvegs
bókasafnið

HAFRANNSÓKNASTOFNUN FJÖLRIT NR. 19



**NYTJASTOFNAR SJÁVAR
OG UMHVERFISÞÆTTIR
1989**

AFLAHORFUR 1990



NYTJASTOFNAR SJÁVAR OG UMHVERFISÞÆTTIR 1989

AFLAHORFUR 1990

State of marine stocks and environmental conditions in Icelandic waters 1989

Fishing prospects 1990

Reykjavík, ágúst 1989

Efnisyfirlit Contents

Formáli	bls.	iii
I. Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland (<i>Environmental conditions in Icelandic waters</i>)	bls.	1
II. Ástand nytjastofna (<i>State of marine stocks</i>).....	bls.	6
1. Þorskur (<i>Cod</i>).....	bls.	6
2. Ysa (<i>Haddock</i>)	bls.	12
3. Ufsi (<i>Saithe</i>).....	bls.	16
4. Karfi (<i>Redfish</i>)	bls.	20
5. Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	bls.	24
6. Steinbítur (<i>Wolffish</i>)	bls.	27
7. Skarkoli (<i>Plaice</i>).....	bls.	28
8. Blálanga (<i>Blue ling</i>)	bls.	29
9. Langa (<i>Ling</i>).....	bls.	29
10. Keila (<i>Tusk</i>)	bls.	30
11. Hrognkelsi (<i>Lumpsucker</i>)	bls.	30
12. Síld (<i>Herring</i>)	bls.	32
13. Loðna (<i>Capelin</i>)	bls.	37
14. Kolmunni (<i>Blue whiting</i>)	bls.	40
15. Humar (<i>Nephrops</i>).....	bls.	43
16. Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>)	bls.	48
17. Rækja (<i>Pandalus</i>)	bls.	50
18. Hvalir (<i>Whales</i>)	bls.	54
19. Selir (<i>Seals</i>).....	bls.	58
III. Aflatöflur (<i>Catch tables</i>).....	bls.	60
IV. Aðrar töflur (<i>Other tables</i>)	bls.	81
V. Ágrip (<i>Summary</i>)	bls.	121
VI. <i>English summary</i>	bls.	125

Formáli

Upphaflega var stefnt að því að Hafrannsóknastofnunin legði fram skýrslu um ástand nytjastofna ekki síðar en í júnílok. Vegna verkfalls náttúrufræðinga í apríl og maí seinkaði allri vinnu við skýrsluna. Eftir að verkfallinu lauk hefur verið kappkostað að flýta verkinu eins og unnt er án þess að láta það koma niður á nákvæmni og gæðum niðurstaðna. Tilgangurinn með því að flýta skýrslunni er einkum að stjórnvöld og fulltrúar sjávarútvegsins fái betri tíma til að móta fiskveiðistefnu á grundvelli þeirra tillagna sem hér eru bornar fram.

Helstu ókostir þess að ganga frá skýrslu sem þessari um mitt ár eru þeir að áætla verður sumarveiðar sem oft skipta miklu og eins hitt að mikil rannsóknastarfsemi til að afla gagna vegna veiðiráðgjafar varðandi ýmsar tegundir fer fram að sumar- og haustlagi. Enda þótt veiðiráðgjöf varðandi nokkrar tegundir (einkum úthafsækju og loðnu) hafi orðið og verði enn að bíða haustsins teljum við að þetta fyrirkomulag hafi gefið góða raun og halda beri áfram á sömu braut.

Þessi skýrsla um ástand nytjastofna er í aðalatriðum unnin á sama hátt og gert hefur verið á undanförunum árum. Hún skiptist í tvo meginkafla sem fjalla um umhverfisþætti og breytingar á þeim annars vegar og ástand nytjastofna hins vegar. Reynt er að gera grein fyrir þróun nytjastofna og aflahorfum allt fram til árána 1991 og 1992. Ágrip fylgir bæði á íslensku og ensku. Aftast eru tölur um afla hinna ýmsu tegunda seinustu áratugina og loks ítarlegar tölur um breytingar á meðalþyngd, kynþroska, aldursdreifingu, stofnstærð og veiðidánartölum í nokkrum helstu nytjastofnunum.

Fyrst er fjallað um ástand sjávar, plöntusvif og átu á árinu 1989 og er það borið saman við fyrri ár. Það voru einkum Jón Ólafsson, Svend-Aage Malmberg, Kristinn Guðmundsson, Þórunn Þórðardóttir og Ólafur S. Ástþórsson sem önnuðust þennan kafla skýrslunnar. Að öðru leyti annaðist sérstök verkefnisstjórn ásamt viðkomandi sérfræðingum úttekt á hinum ýmsu nytjastofnum. Í verkefnisstjórn Hafrannsóknastofnunar um fiskveiðiráðgjöf eiga sæti Sigfús A. Schopka, verkefnisstjóri, Björn Æ. Steinarsson, Gunnar Stefánsson, Ólafur K. Pálsson og Viðar Helgason. Auk þessara manna hafa eftirtaldir sérfræðingar unnið að skýrslunni: Einar Jónsson (ýsa), Jakob Magnússon (karfi), Gunnar Jónsson (steinbítur), Vilhelmína Vilhelmsdóttir (blálanga, langa, keila), Vilhjálmur Þorsteinsson (hrognkelsi), Jakob Jakobsson (síld), Hjálmar Vilhjálmsson (loðna), Sveinn Sveinbjörnsson (kolmunni), Hrafnkell Eiríksson (humar), Unnur Skúladóttir (rækja), Jóhann Sigurjónsson (hvalir) og Erlingur Hauksson (selir).


Eiríkur Þ. Einarsson, Sigfús A. Schopka og Viðar Helgason önnuðust uppsetningu og frágang skýrslunnar og lásu yfir texta.

Reykjavík, 1. ágúst 1989

Jakob Jakobsson

I. Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland.

HITASTIGSFRAVIK Á SIGLUNESSNIÐI




1. mynd. Frávik meðalhitastigs í sjónum norðan Sigluness að vori 1952-1989 frá meðaltali árána 1961-1980.

Fig. 1. Deviations 1952-1989 from 1961-1980 mean in temperature at Siglunes section.

Árferði í sjónum við Ísland hefur einkum verið metið af gögnum sem safnað er í vorleiðangri ár hvert. Í þeim leiðangri er farið um miðin allt í kringum landið til athugana á almennu ástandi sjávar, gróðri og átu. Áhersla er lögð á sambærilega gagnasöfnun frá ári til árs til að fylgjast með breytingum sem kunna að verða bæði í hlýja og kalda sjónum við landið. Flókið samspil margra mismunandi umhverfispáttanna hefur áhrif á fæðukeðjuna svo sem á vöxt og viðgang nytjastofna á Íslandsmiðum. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um árferðið í sjónum við Ísland vorið 1989 og um tengslin við fyrri ár.

SELTUFRAVIK Á SIGLUNESSNIÐI




2. mynd. Frávik meðalseltu í sjónum norðan Sigluness að vori 1952-1989 frá meðaltali árána 1961-1980.

Fig. 2. Deviations 1952-1989 from 1961-1980 mean in salinity at Siglunes section.

Sem kunnugt er einkenndist árferðið í sjónum við Ísland, einkum norðanlands, á árunum 1981-1983 af svokölluðum svalsjó og gætti neikvæðra áhrifa hans á vöxt og viðgang nytjastofna. Síðan tóku við ár með betra árferði, 1984-1987, og innstreymi hlýsjávar á norðurmið nær óslitið allan ársins hring. Veturinn og vorið 1988 varð svo lát á innstreyminu og pólsjávar gætti á norðurmiðum (1. og 2. mynd).


Helstu niðurstöður vorleiðangurs 1989 voru þessar:

Fyrir Suðvestur-, Vesturlandi og Vestfjörðum var hlýsjórinn fremur kaldur, um 0.5°C lægri en 1988 (3. mynd). Einkum átti þetta við yfirborðslög vegna síðbúinnar sumarupphitunar. Í lok maí var lítill þörungagróður á þessu svæði nema á Selvogsbanka (4. mynd). Styrkur næringarefna bendir til þess að vorhámark þörungagróðurs hafi verið um garð gengið næst landi en ókomið dýpra. Fremur lítið var um átu nema innst í Faxaflóa (5. mynd).




3. mynd. Hitastig í sjónum við Ísland á 50 m dýpi vorið 1989.

Fig. 3. Temperature at 50 m in Icelandic waters in spring 1989.



4. mynd. Frumframleiðni plöntusvifs á 10 m dýpi í sjónum vorið 1989 ($\text{mg C m}^{-3} \text{klst.}^{-1}$).

Fig. 4. Primary production ($\text{mg C m}^{-3} \text{klst.}^{-1}$) at 10 m in Icelandic waters in spring 1989.




5. mynd. Útbreiðsla átu í yfirborðslögum vorið 1989.

Fig. 5. Zooplankton distribution ($ml/21 m^3$, Hensen net 50-0 m) in Icelandic waters in spring 1989.

Hlýsjávar gætti fyrir Norðurlandi austur á móts við Siglunes, og var hitastig þar $3-4^\circ C$. Þetta er betra ástand en var vorið 1988. Í hlýsjávar tungunni vestast á norðursvæðinu var gróður lítill en á miðhluta svæðisins þar sem sjór var lagskiptur vegna seltu voru svifþörungur í miklu magni. Meðalgildi frumframleiðni út af Siglunesi var það hæsta síðan athuganir hófust 1958 (6. mynd). Mikil frumframleiðni 1989 út af Siglunesi stafar væntanlega af síðbúinni vorkomu í sjónum og þá mælingum nær vorhámarki en oftast áður. Fyrir Norðurlandi var átumagn svipað og 1988 en heldur minna en meðaltal síðustu 10 ára (7. mynd).


SIGLUNES



6. mynd. Meðalfrumframleiðni plöntusvifs á 10 m dýpi norðan Sigluness vorin 1970-1989.

Fig. 6. Mean primary production ($mg C m^{-3} h^{-1}$) at 10 m at Siglunes section in spring 1970-1989.

SIGLUNES




7. mynd. Breytingar á átumagni í sjónum norðan Sigluness vorin 1958-1989.

Fig. 7. Variations in zooplankton density (ml/21m³, Hensen net 50-0 m) at Siglunes section in spring 1958-1989.

Austur með Norðurlandi og fyrir Austfjörðum var kalt í sjónum, 1-2° C, (3. mynd) sem er sambærilegt við kalt árferði á þeim slóðum undanfarin ár. Lítil gróður var að venju á landgrunnssvæðinu norðaustanlands, styrkur næringarefna lágur og lítið af átu.

Í hinum kalda Austur-Íslandsstraumi djúpt undan Norðausturlandi var sjávarhiti hvergi undir 0° C á 50 m dýpi og selta var einnig hærri en svo að hann gæti borið hafis (S=34.7o/oo) (8. mynd). Gróður var þar lítil þrátt fyrir næg næringarefni en að venju var mikið af pólsjávarátu, sem nýtti sér gróðurinn.




8. mynd Selta í sjónum við Ísland á 50 m dýpi vorid 1989.

Fig. 8. Salinity at 50 m in Icelandic waters in spring 1989.

Í vorleiðangri 1989 var hugað sérstaklega að síldargöngum á víðáttumiklu svæði djúpt austur og norðaustur af landinu, þar sem skil eru milli Austur Íslandsstraums og hlýsjávar í Noregshafi. Engin síld var þar en átsukilyrði góð (5. mynd).

Í hlýja sjónum við suðurströndina var hitastig 7-8° C (3. mynd). Mikill gróður var á suðaustursvæðinu en áta lítil (4. og 5. mynd).

LÁTRASNIÐ, STÖÐVAR 2+3



9. mynd. Styrkur strandstraums vorin 1956-1989, metinn sem þykkt ferskvatns á tveim stöðum vestur af Látrabjargi.

Fig. 9. Equivalent freshwater thickness, in spring 1956-1989 at two stations on Látrasection west of Iceland.

Ferskvatnsáhrif hafa veruleg áhrif á þróun lífríkis strandsjávar einkum snemma vors. Töluverðra ferskvatnsáhrifa af landi gætti við Vesturland í lok maí þó oft hafi þau verið meiri (9. mynd). Mikil snjóalög voru á landinu vorið 1989 en leysingar hófust seint. Hins vegar er líklegt að óvenju mikil ferskvatnsáhrif verði við strendur landsins sumarið 1989.


Í heild sýndu niðurstöður vorleiðangurs 1989 síðbúna vorkomu í sjónum við landið. Innstreymi hlýsjávar á norðurmið náði austur á mótis við Siglunes en ferskvatnsáhrif vegna mikils fannfergis á landinu voru einnig síðbúin. Átumagn var víðast hvar undir meðallagi síðustu ára sem væntanlega má rekja til síðbúinnar gróðurkomu. Ætla má að flæði hlýsjávar austur eftir norðurmiðum haldi áfram a.m.k. fram eftir sumri. Þessar niðurstöður sýna almennt betra ástand en vorið 1988 en það jafnast þó ekki á við góðærin 1984-1987.

II. Ástand nytjastofna

1. Þorskur

1.1. Afli, sókn og árgangaskipan í veiðinni 1988

Þorskaflinn á tímabilinu janúar til maí 1989 var 187 þús. tonn miðað við 181 þús. tonn sömu mánuði 1988. Þorskaflí bátaflotans jókst úr 101 þús. tonni á tímabilinu janúar til maí 1988 í 115 þús. tonn sömu mánuði 1989 en togaraafli drógst saman úr 80 þús. tonnum 1988 í 72 þús. tonn 1989. Ástæður meiri bátaafli á nýliðinni vetrarvertíð má fyrst og fremst rekja til meiri fiskgengdar á suðvesturmiðum samfara minni fiskgengd á norðurmiðum. Þorskaflí og veiðidánartölur á tímabilinu 1963 til 1989 eru sýndar á 10. mynd og aflinn allt frá 1905 í töflu 20.1.



10. mynd. ÞORSKUR.
Heildarafli árin 1963-1989
og meðalveiðidánartala 7-11
ára þorsks sama tímabil.


Fig. 10. COD. Total
landings 1963-1989 (upper
line) and mean F_{7-11} during
the same period.

Á vetrarvertíð suðvestanlands voru gæftir stírdar framán af en þó aflaðist vel er gaf á sjó. Uppistaða aflans var 4-7 ára þorskur. Mest var hlutdeild 6 ára þorsks (árg. 1983), 40% af fjölda og 43% af þyngd. Næst algengastur í vertíðaraflanum var 5 ára þorskur (árg. 1984), 30% miðað við fjölda og um 23% miðað við þyngd. Hlutdeild fjögurra og 7 ára þorsks var 12% og 11% miðað við fjölda. Hlutdeild 8 ára og eldri fisks var sáralítill eða innan við 7% af fjölda samtals.

Á uppvaxtarsvæðum þorsksins á norðvestur-, norður- og austurmiðum byggðist veiðin fyrstu 5 mánuði ársins að hálfu á árgangi 1984 í fjölda en hlutdeild 1983 árgangs var 28%. Þessir tveir árgangar voru því um þrjú fjórðu hlutar aflans á þessu tímabili. Mun minna var um smáþorsk í afla togara nú en árið 1988, en árgangar í uppvexti eru allir lakir.

Enda þótt afli fyrstu 5 mánuði ársins hafi verið meiri en á sama tíma í fyrra er gert ráð fyrir að þorskaflinn verði um 340 þús. tonn vegna hertra takmarkana á þorskveiðum og aukinnar sóknar í grálúðu. Áætlað er að aflinn eftir aldri (miðað við fjölda) skiptist eins og sýnt er á 11. mynd. Þar kemur fram að langmest veiðist af 5 ára fiski (árg. 1984). Skipting


þorskafians eftir aldri á árunum 1970-1988 er sýnd í töflu 21.3.



11. mynd. ÞORSKUR. Áætlaður landaður afli í fjölda (milljónir) árið 1989.

Fig. 11. COD. Estimated numbers landed (in millions) in 1989.

Gert er ráð fyrir að þrír af hverjum fjórum fiskum sem veiðast 1989 verði 5 eða 6 ára þorskur (árg. 1984 og 1983). Fari afli fram úr 340 þús. tonnum árið 1989 mun það fyrst og fremst verða til þess að hlutfall smáfisks í afla eykst frá því sem nú er gert ráð fyrir. Þetta er í góðu samræmi við spána sem gerð var í júní 1988. Eins og sýnt er á 12. mynd er sókn í þorskstofninn langt umfram það sem gefur hámarksnýtingu. Veiðidánartölur allt frá 1970 eru sýndar í töflu 21.5.



12. mynd. ÞORSKUR. Afrakstur á 3 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 12. COD. Yield per 3 year old recruit.

1.2. Vöxtur og kynþroski

Meðalþyngd á síðasta ári var mjög svipuð og árið 1985 og tölur um meðalþyngd fyrstu 5 mánuði þessa árs benda til þess að meðalþyngdin nú sé nánast óbreytt.


Hlutfall kynþroska eftir aldri árið 1988 var svipað og árin 1985-87. Tímabilið janúar-maí 1989 er hlutfall kynþroska þorsks eftir aldri lægra en á sama tímabili árin 1987 og 1988.

Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri er sýnt í töflum 21.1 og 21.2.

1.3. Nýliðun

Nýliðun uppvaðandi þorskárganga er metin með þrem mismunandi aðferðum. Svonefnd V.P. greining (aldurs-afla aðferð) gefur nokkra vísbendingu um árgangastyrk fjögurra ára fisks en litlar sem engar um yngri fisk. Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum og fyrri nýliðunarrannsóknir gefa helstu vísbendingar um styrk uppvaðandi árganga. Ennfremur hafa upplýsingar úr aflaskýrslum togara árabilið 1974-1988 verið notaðar til að meta styrk fjögurra ára fisks. Niðurstöður fyrrgreindra rannsókna varðandi þorskárganga 1985 til 1988 eru þessar:

- Árgangur 1985 er talinn vera undir meðallagi, eða um 190 milljónir þriggja ára nýliða, og er það heldur lægra mat en í síðustu skýrslu.
- Árgangar 1986, 1987 og 1988 eru taldir vera mjög lélegir eða um 150 milljónir nýliða. Þessir árgangar virðast því sambærilegir við árganga 1981 og 1982, en þeir eru taldir með þeim lökustu sem fram hafa komið síðustu þrjá áratugina.




13. mynd. ÞORSKUR. Stærð þorskárganganna 1960-1988. Fjöldi við 3 ára aldur (í milljónum).

Fig. 13. COD. Year classes 1960-1988 at age 3 (in millions).

Ljóst er að mikil umskipti hafa orðið í nýliðun þorsks síðustu árin, frá tveim sterkum árgöngum 1983 og 1984 yfir í þrjá mjög rýra árganga 1986-1988. Þróun þorskstofnsins á næstu árum mun óhjákvæmilega mótast að verulegu leyti af þessari lélegu nýliðun. Fjöldi 3 ára nýliða allt frá 1965 er sýndur á 13. mynd.

1.4. Ástand stofnsins

Veiðistofninn (fjögurra ára þorskur og eldri) er nú talinn hafa verið 1.070 þús. tonn og hrygningarstofninn 300 þús. tonn við upphaf ársins 1989 (14. mynd). Þetta er áþekk niðurstaða og í júní 1988 (Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 14).



14. mynd. ÞORSKUR. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1963-1989 í þúsundum tonna.

Fig 14. COD. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the period 1963-1989 (thousand tonnes).

Við mat á stærð þorskstofnsins var stuðst við aflskýrslur togara eins og undanfarin ár. Fundinn var meðalafli á togtíma tímabilið janúar-maí ár hvert og sá afli greindur eftir aldursflokkum samkvæmt sýnum. Sambandið á milli afla á togtíma og stofnstærðar skv. aldurs-afla aðferð var ásamt niðurstöðum úr stofnmælingu botnfiska frá mars 1989 og seiðarannsóknunum notað til þess að meta stærð stofnsins 1989. Stærð þorskstofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd hrygningarstofnsins á árunum 1970-1989 er sýnd í töflu 21.4.

Við Grænland er nú mikið af fimm ára þorski (árgangur 1984) að vaxa upp en hann er að mestu kominn þangað frá Íslandi. Þótt árlega endurheimtist hér fáeinir þorskar sem merktir hafa verið við Grænland er ekki gert ráð fyrir neinum göngum þaðan fyrr en árgangur 1984 kemur til hrygningar á Íslandsmið árin 1991 og 1992.

1.5 Horfur og tillögur um hámarksafli 1990-1991

Gert er ráð fyrir að afli ársins 1989 verði 340 þús. tonn. Veiðistofn í ársbyrjun 1990 verður þá um 1.010 þús. tonn og hrygningarstofn um 340 þús. tonn (tafla 1). Þá er gert ráð fyrir því að meðalþyngd og kynþroski eftir aldri árin 1990-1992 sé eins og árið 1988.

Eins og fram kemur í kaflanum um nýliðun í þorskstofninn er í framreikningum gert ráð fyrir að árgangarnir frá 1983 og 1984 séu sterkir (342 og 300 millj. þriggja ára nýliða). Árgangur er 1985 tæplega meðalárgangur (190 milljónir þriggja ára nýliða) og árgangar 1986-1988 allir mjög lélegir (150 milljónir þriggja ára nýliða). Miðað við þessar forsendur og að engin ganga sé væntanleg frá Grænlandi eru áhrif mismunandi afla á áætlaða stærð þorskstofnsins 1990 til 1992 eins og fram kemur í töflu 1.

Ef veidd verða 350 þús. tonn árið 1990, sem er lítið eitt meira en gert er ráð fyrir að veiðist á yfirstandandi ári, mun veiðistofninn minnka úr 1.010 þús. tonnum í ársbyrjun 1990 í 820 þús.

tonn í ársbyrjun 1992 og hrygningarstofn um 40 þús. tonn. Veididánarstuðlar munu haldast háir og árgangar endast illa enda afli 35-43% af stofnstærð. Verði aflinn árið 1990 takmarkaður við 300 þús. tonn, mun veidistofn minnka um 70 þús. tonn en hrygningarstofn vaxa lítið eitt. Með þessari fiskveiðistefnu mun veididánarstuðull standa í stað. Við 250 þús. tonna afla á ári mun veidistofn vaxa um 5% næstu tvö árin. Hrygningarstofn mun hins vegar vaxa um rúmlega 100 þús. tonn. Þá munu veididánarstuðlar lækka nokkuð á næstu árum. Fjórði kosturinn, 200 þús. tonna afli á ári, yrði til þess að veidistofn og hrygningarstofn mundi vaxa allnokkuð næstu árin.

TAFLA 1
Þorskur. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð þorskstofnsins
(þús. tonn) árin 1990-1992. Ekki er gert ráð fyrir göngu frá Grænlandi.
Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand
tonnes) for different management strategies in 1990-1992, assuming no
immigration from Greenland waters.

1989					1990			1991			1992	
Stofn 4+	Hrygn- stofn	F ¹⁾	Afli	Veiðiráðgjöf 1990-1991 Aflahámark TAC	Stofn 4+	Hrygn- stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn- stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn- stofn
Stock 4+	Spawning stock		Catch		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock
1070	300	0,80	340	200	1010	340	0,37	1100	450	0,31	1180	530
				250			0,48	1040	420	0,43	1060	450
				300			0,60	980	380	0,59	940	380
				350			0,73	920	350	0,79	820	300

1) F= Veididánartala (7-11 ára þorsks). (F= Fishing mortality of age groups 7-11.)

TAFLA 2
Þorskur. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins
(þús. tonn) árin 1990-1992. Gert er ráð fyrir göngu frá Grænlandi.
Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for
different management strategies in 1990-1992, assuming immigration from Greenland
waters.

1989					1990			1991			1992	
Stofn 4+	Hrygn- stofn	F ¹⁾	Afli	Veiðiráðgjöf 1990-1991 Aflahámark TAC	Stofn 4+	Hrygn- stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn- stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn- stofn
Stock 4+	Spawning stock		Catch		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock
1070	300	0,80	340	250	1010	340	0,48	1110	460	0,39	1340	670
				300			0,60	1050	430	0,53	1220	590
				350			0,73	990	390	0,70	1100	520
				400			0,87	930	360	0,92	980	450


1) F= Veididánartala (7-11 ára þorsks). (F= Fishing mortality of age groups 7-11.)

Við Vestur-Grænland er nú að vaxa upp mjög stór árgangur þorsks frá 1984. Seiði af þessum árgangi rak héðan í verulegum mæli til Grænlands. Samkvæmt fyrri reynslu hafa

stórir árgangar, sem alist hafa upp við Grænland og verið að hluta til komnir úr klakinu við Ísland, gengið að einhverju leyti aftur á Íslandsmið er þeir hafa orðið kynþroska. Þetta gerðist síðast er þorskur af árgangi 1973 gekk í allnokkrum mæli til hrygningar við Ísland árin 1980 og 1981 og hafði veruleg áhrif á aflbrögð á vertíðinni suðvestanlands. Ætla má að árgangur frá 1984 muni ganga til hrygningar á Íslandsmið að einhverju leyti árið 1991 en aðallega árið 1992. Ekki er vitað með vissu um stærð hans en gert er ráð fyrir því að hann sé að minnsta kosti jafn stór og árgangurinn frá 1973.

Í töflu 2 eru sýnd áhrif mismunandi afla á þróun þorskstofnsins, þar sem gert hefur verið ráð fyrir að þorskur gangi í sama mæli af Grænlandsmiðum árin 1991 og 1992 eins og árgangurinn frá 1973 gerði á árunum 1980 og 1981. Ef veidd verða 400 þús. tonn árin 1990 og 1991 mun veiðistofninn nánast standa í stað en hrygningarstofn mun vaxa um rúmlega 100 þús. tonn. Verði aflinn árið 1990 takmarkaður við 350 þús. tonn mun veiðistofn vaxa um tæp 100 þús. tonn og hrygningarstofn um 180 þús. tonn. Við 300 þús. tonna afla á ári mun veiðistofninn vaxa um 20% næstu tvö árin. Hrygningarstofn mun hins vegar vaxa um 250 þús. tonn. Ennfremur munu fiskveiðidánarstuðlar lækka verulega á næstu árum. Fjórði kosturinn sem sýndur er í töflu 2, 250 þús. tonna afli á ári mun leiða til þess að veiði- og hrygningarstofn mun vaxa allverulega næstu árin.

Í þessu sambandi verður að hafa í huga að uppistaðan í þorskstofninum við Grænland er þessi eini árgangur frá 1984. Miklar veiðar þar myndu stórlega draga úr líkum á sterkum Grænlandsgöngum á Íslandsmið árin 1991 og 1992.



15. mynd. ÞORSKUR. Spá um aldersdreifingu í aflanum 1990.

Fig. 15. COD. Prognosis of age distribution of the 1990 catch.

Nokkur nýliðin ár hafa lífsskilyrði verið þorskstofninum hagstæð. Árin 1987 og 1988 bættust tveir stórir árgangar í veiðistofninn. Nýting þorskstofnsins hefur þó verið með þeim hætti að ársafllinn hefur verið 35-40% veiðistofns (fjögurra ára fiskur og eldri). Svo hörð sókn leiðir óhjákvæmilega til þess að árgangar eru fá ár í veiðinni eins og reynslan hefur sýnt og byggist aflinn fyrst og fremst á 3-6 ára fiski en mjög lítið er um fisk sem er eldri en 8 ára (15. mynd). Í skýrslum Hafrannsóknastofnunar fyrir árin 1986 og 1987 um ástand nytjastofna var á það bent að breyta hefði mátt nýtingu þorskstofnsins á þann hátt að fiskgengd ykist á vertíðarsvæðinu þar sem elsti og þyngsti þorskurinn veiðist. Þetta tækifæri er gengið okkur úr

greipum þar sem veiðar hafa verið talsvert umfram tillögur stofnunarinnar og nú verða lélegir árgangar frá árunum 1986-1988 uppistaðan í stofninum næstu árin. Framundan er því fyrirsjáanlegur verulegur samdráttur í þorskstofninum og þorskveiðunum, ef engin kemur Grænlandsgangan.

Af framansögðu má ljóst vera að, ef þorskstofninn á ekki að fara minnkandi má afli ekki fara yfir 250 þús. tonn árin 1990 og 1991. Nauðsynlegt er að endurskoða þessar tillögur um hámarksafla í ársbyrjun 1990 þegar nýjar upplýsingar um veiðarnar við Vestur Grænland og ástands stofnsins þar liggja fyrir, en þá ætti að vera unnt að fá betra mat á í hve miklum mæli reikna má með göngufiski frá Grænlandi yfir á Íslandsmið árin 1991 og 1992.

1.6. Viðmiðunarmörk í þorskveiðum

Markmið veiðieftirlits er að halda sókn í fjögurra ára þorsk og yngri í skefjum með því að loka smáfisksvæðum um lengri eða skemmri tíma. Skyndilokun svæða vegna smáfisks byggist á viðmiðunarmörkum. Þau eru sett saman af hlutfallsmörkum og lengdarmörkum. Hlutfallsmörk segja til um leyfilegt hámarkshlutfall fiska undir lengdarmörkum í afla fiskiskipa. Lengdarmörk aðgreina fjögurra ára fisk og yngri frá eldri hluta stofnsins.

Viðmiðunarárgangur ársins 1990, árgangur 1986, er talinn mjög lakur eða um 150 millj. þriggja ára nýliða. Í aldursdreifingu aflans á árinu 1990 er gert ráð fyrir að 17% landaðs afla (fjöldi fiska) verði af þessum árgangi og rúm 5% af árgangi 1987. Ennfremur er gert ráð fyrir að um 10% árgangs 1985 (2.1 milljónir fiska) verð undir 55 cm að lengd.

Lengdarmörk viðmiðunarárgangs, eins og þau verða á miðju ári 1990, eru reiknuð út frá vexti hans 1987-1989. Á þeim tíma, þ.e. frá mars 1987 til mars 1989, hafa lengdarmörk vaxið úr 15 cm upp í 41 cm. Gert er ráð fyrir að lengdarmörk vaxi í um það bil 58 cm fram á mitt ár 1990. Helmingur fiska af þessari stærð tilheyrir þá árgangi 1986 en hinn helmingurinn eldri árgöngum.

Síðustu ár hafa lengdarmörk verið 55 cm og þykir eðlilegt að svo verði áfram. Til mótvægis við lækkingu frá reiknuðum lengdarmörkum er þó óhjákvæmilegt að lækka jafnframt hlutfallsmörk í sem næst sama hlutfalli eða um 20%.

Því er lagt til að viðmiðunarmörk fyrir árið 1990 verði 20% undir 55 cm og gildi þau allt árið.

Samkvæmt þessu verður gripið til aðgerða vegna smáþorsks í afla þegar hlutfall fiska undir 55 cm er hærra en 20% í mælingum veiðieftirlitsmanna.


2. Ýsa

2.1. Aflabrögð 1988 og 1989

Ýsuaflinn á árinu 1988 varð um 54 þús. tonn eða um 6 þús. tonnum minni en lagt hafði verið til sem hámarksafl. Ýsuaflinn á árunum 1969-1988 er sýndur á 16. mynd og allt frá árinu 1950 í töflu 20.2.


Á árinu 1988 var afli togara á sóknareiningu svipaður og árið á undan. Aukinn heildarafli gefur því til kynna að sókn í ýsu hafi heldur aukist á árinu 1988 miðað við árið 1987 og er sóknin sem fyrr allnokkuð umfram hámarksafrafakstur (17. mynd). Fyrstu 5 mánuði ársins 1989 jókst ýsuaflinn um 11% miðað við sama tímabil árið áður. Annar hver fiskur í aflanum 1989 er 4 ára ýsa úr árganginum frá 1985 og liðlega 60% aflans í þyngd er úr árgöngunum 1984 og 1985. Þessir stóru árgangar hafa valdið því að hlutfall smáýsu í afla hefur verið óvenju hátt

undanfarin tvö ár og skyndilokanir þar af leiðandi tíðar. Skipting ýsuafllans í fjölda eftir aldri á árunum 1970-1988 er sýnd í töflu 21.8 og veiðidánartölur í töflu 21.10.



16. mynd. YSA. Heildarafli árin 1969-1989 og meðalveiðidánartala 4-7 ára ýsu sama tímabil.

Fig. 16. HADDOCK. Total landings 1969-1989 (upper line) and mean F_{4-7} during the same period.




17. mynd. YSA. Afrakstur á 2 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 17. HADDOCK. Yield per 2 year old recruit.

2.2 Ástand stofnsins, nýliðun og vöxtur


Veiðistofninn, þ.e. fjögurra ára fiskur og eldri, er nú áætlaður 250 þús. tonn og hrygningarstofninn 140 þús. tonn (18. mynd). Í fyrri úttekt voru hliðstæðar tölur 265 og 155 þús. tonn. Stærð ýsustofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd hrygningarstofnsins á árunum 1970-1989 er sýnd í töflu 21.9.



18. mynd. YSA. Stærð veiðistofns (4 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1969-1989.


Fig. 18. HADDOCK. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the period 1969-1989 (thousand tonnes).

Stóru árgangarnir frá 1984 og 1985 eru nú uppistaðan í ýsustofninum. Mat á stærð þessara árganga hefur hingað til verið að mestu byggt á stofnmælingu botnfiska. Árgangurinn frá 1985 hefur komið misvel fram í þeim mælingum. Hann var mjög áberandi í stofnmælingunum 1986 og 1987 sem eins og tveggja ára fiskur og var metinn sem liðlega þrefaldur meðalárgangur (180 millj. tveggja ára fiska) eftir stofnmælinguna 1987. Árgangurinn var ekki eins áberandi sem þriggja ára í stofnmælingunni árið eftir (1988) og var þá talinn jafnstór árganginum frá 1984 (110 millj. tveggja ára fiska). Hann var hins vegar mjög áberandi í stofnmælingu sem fjögurra ára fiskur í mars 1989 og í afla 1989 er annar hver fiskur af þessum árgangi (19. mynd). Mat á stærð árgangsins frá 1984 er nær óbreytt en árgangur 1985 er nú metinn mun stærri en í síðustu úttekt eða um 134 milljónir tveggja ára fiska. Þrátt fyrir þetta er stofnstærðin metinn um 5% minni en áður var ætlað og kemur þar til, að eldri árgangar frá árunum 1983 og 1984 hafa skilað sér verr í veiði og stofnmælingu.



19. mynd. YSA. Áætlaður landaður afli í fjölda (milljónum) árið 1989.

Fig. 19. HADDOCK. Estimated numbers landed (in millions) in 1989.



20. mynd. YSA. Stærð ýsuárganganna 1969-1988. Fjöldi við 2 ára aldur (í milljónum).

Fig. 20. HADDOCK. Year classes 1969-1988 at age 2 (in millions).

Yngri árgangar frá 1986, 1987 og 1988 sýnast allir fremur lélegir (20. mynd). Árgangurinn frá 1986 er talinn rúmur helmingur af meðalárgangi (34 milljónir tveggja ára fiska) og árgangurinn frá 1987 er talinn enn lélegri eða 30 milljónir tveggja ára fiska. Minni upplýsingar liggja fyrir um stærð árgangsins frá 1988 en í framreikningum er hann talinn 40 milljónir tveggja ára fiska.

Meðalþyngd eftir aldri árið 1988 er svipuð og 1987 hjá fiski eldri en 5 ára en nokkru minni hjá yngra fiski. Þetta á sérstaklega við um þriggja og fjögurra ára fiskinn þ.e. árgangana frá 1984 og 1985 en meðalþyngd eftir aldri hjá mjög stórum árgöngum er undantekningarlaust minni en hjá smærri árgöngum. Í framreikningi stofnstærðar fyrir árin 1989-1992 er notuð meðalþyngd árganganna frá árunum 1986-1988.

Kynþroski eftir aldri árið 1988 er svipaður og árið á undan. Við útreikning á stærð hrygningarstofns árið 1989 svo og við hliðstæðan framreikning fyrir árin 1990-1992 er stuðst við meðalkynþroskahlutfall eftir aldri árin 1986-1988.


Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri eru sýnd í töflum 21.6 og 21.7.

2.3. Tillögur um hámarksafli 1990-1991

Framreikningar á stærð ýsustofnsins fyrir árin 1990-1992 miðað við mismunandi ársafla (tafla 3) eru byggðir á áður nefndum forsendum um árgangastærð, meðalþyngd eftir aldri og nýliðun. Gert er ráð fyrir að ýsuafllinn 1989 verði 60 þús. tonn eins og lagt var til.

Veiðistofn ýsu er nú áætlaður 240 þús. tonn í upphafi árs 1990 eða heldur minni en við upphaf árs 1989. Hrygningarstofn fer hins vegar stækkandi á árinu 1990 miðað við árið 1989. Meginuppistaðan í stofninum og veiðunum verða sem fyrr stóru árgangarnir frá árunum 1984 og 1985 (21. mynd).

Þar sem nýliðun allra síðustu ára er undir meðallagi leggur Hafrannsóknastofnun til að dregið verði frekar úr sókn og aflhámark 1990 og 1991 verði óbreytt miðað við fyrra ár eða 60 þús. tonn.



21. mynd. YSA. Spá um aldersdreifingu í aflanum 1990.

Fig. 21. HADDOCK. Prognosis of age distribution of the 1990 catch.

TAFLA 3
Ysa. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins
(þús. tonn) 1990-1992.
Haddock. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes)
for different management strategies in 1990-1992.

1989				Veidiráðgjöf 1990-1992 Aflahám. TAC	1990			1991			1992	
Stofn 4+	Hrygn- stofn 4+	F ¹⁾	Afli Catch		Stofn 4+	Hrygn- stofn 4+	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn- stofn 4+	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn- stofn 4+
250	140	0,47	60	50	240	160	0,29	220	170	0,26	210	170
				60			0,35	210	160	0,34	190	150
				70			0,42	200	150	0,44	170	130


1) F = Veididánartala (4-7 ára ýsu). (F = Fishing mortality of age groups 4-7.)

3. Ufsi

3.1. Afli, sókn og árgangskipan 1988


Ufsaafliinn árið 1988 var tæplega 78 þús. tonn en var rúmlega 80 þús. tonn árið 1987 (22. mynd og tafla 20.3). Afli á sóknareiningu var svipaður og árið á undan. Sókn í ufsastofninn er nærri því að gefa hámarksnýtingu (23. mynd).

Ufsaafli togara byggðist sem fyrr að þremur fjórðu hlutum á 4-6 ára fiski og var hlutdeild árgangsins frá 1983 mest eða 32% af fjölda. Afli netabáta byggðist mest á eldri ufsa 6-9 ára gömlum. Hlutdeild 8 ára ufsa (árgangur 1980) var mest eða 36.5% af fjölda. Næst algengastur í netaflanum var 7 og 9 ára ufsi með 22% og 18% hlutdeild miðað við fjölda.



22. mynd. UFSI. Heildarafli árin 1965-1989 og meðalveiðidánartala 4-9 ára ufsa sama tímabil.

Fig. 22. SAITHE. Total landings 1965-1989 (upper line) and mean F_{4-9} during the same period.




23. mynd. UFSI. Afrakstur á 3 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 23. SAITHE. Yield per 3 year old recruit.

Skipting ufsaaflans í fjölda eftir aldri á árunum 1969-1988 er sýnd í töflu 21.13 og veiðidánartölur í töflu 21.15. Áætlun og spá um ufsaafla í fjölda fiska árið 1989 er sýndur á 24. mynd.

3.2. Ástand stofnsins og nýliðun

Eins og fram hefur komið áður í skýrslum Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand fiskstofna ná seiðarannsóknir og stofnmæling með botnvörpu hvorki til ufsaseiða né yngstu árganga ufsa. Í framreikningum á stærð ufsastofnsins hefur því venjulega verið miðað við meðalnýliðun.




24. mynd. UFSI. Áætlaður landaður afli í fjölda (milljónir) árið 1989.

Fig. 24. SAITHE. Estimated numbers landed (in millions) in 1989.

Í þessari úttekt, sem byggist á aldurs-afla aðferðinni, er gert ráð fyrir að í ársbyrjun 1989 verði stofninn um 60 þús. tonnum stærri en fram kom í síðustu úttekt. Miðað við núverandi forsendur er veiðistofn (fjögurra ára og eldri ufsi) áætlaður 410 þús. tonn í upphafi árs 1989 og hrygningarstofn 170 þús. tonn (25. mynd). Í síðustu úttekt var veiðistofn áætlaður 350 þús. tonn og hrygningarstofn 205 þús. tonn. Mismuninn má rekja til nýs mats á stærð árganganna frá 1983 og 1984, en komið hefur í ljós að árgangur frá 1984 er næstum tvöfaldur meðalárgangur að stærð. Sé gert ráð fyrir að árið 1989 veiðist 80 þús. tonn af ufsa er áætlað að veiðistofn ufsa í ársbyrjun 1990 verði 490 þús. tonn og hrygningarstofn 210 þús. tonn.

Stærð ufsastofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd hrygningarstofnsins á árunum 1970-1988 er sýnd í töflu 21.14. Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri sömu ár eru sýnd í töflum 21.11 og 21.12.

3.3. Tillögur um hámarksafli 1990 og 1991



25. mynd. UFSI. Stærð veiðistofns (4 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1968-1989 í þúsundum tonna.

Fig. 25. SAITHE. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass during the same period 1968-1989 (thousand tonnes).

Í framreikningunum á stofnstærð sem sýndir eru í töflu 4 er gert ráð fyrir að yngstu árgangarnir (1986-1988) séu af meðalstærð (47 milljónir þriggja ára nýliða, 26. mynd). Kynþroski og meðalþyngd eftir aldri árin 1990-1992 er áætlaður sá sami og árið 1988. Gert er ráð fyrir að vertíðin árið 1990 byggist fyrst og fremst á árgöngunum frá 1983 og 1984 (27. mynd).

Við 110 þús. tonna afla mun stærð veiðistofns fara minnkandi og verða um 370 þús. tonn árið 1992.


Við 90 þús. tonna afla mun veiðistofn verða um 420 þús. tonn árið 1992 og hrygningarstofn 220 þús. tonn.

Verði afli takmarkaður við 70 þús. tonn mun stofninn vaxa á næstu árum.

TAFLA 4
Ufsi. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð ufsastofnsins (þús. tonn) 1990-1992.
Saithe. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1990-1992.

1989					1990			1991			1992	
Stofn 4+	Hrygn.-stofn	Afli F ¹⁾	Afli Catch	Veiðiráðgjöf 1990-1992 Aflahám. TAC	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn.-stofn
Stock 4+	Spawning stock				Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock
410	170	0,32	80	70	420	210	0,23	440	240	0,20	460	260
				90			0,31	420	220	0,29	420	220
				110			0,39	400	200	0,40	370	190


1) F = Veiðidánartala (4-9 ára ufsi). (F = Fishing mortality of age groups 4-9.)



26. mynd. UFSI. Stærð ufsaárganganna 1965-1988. Fjöldi við 3 ára aldur (í milljónum).

Fig. 26. SAITHE. Year classes 1965-1988 at age 3 (in millions).

Aukin sókn í ufsa frá því sem nú er mun ekki leiða til aukins afraksturs á ári þegar til lengri tíma er litið þar sem afrakstur á nýliða er nú nálægt hámarki (23. mynd). Með tilliti til þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að sókn í ufsastofninn verði ekki aukin frekar og aflhámark árin 1990 og 1991 verði 90 þús. tonn.




27. mynd. UFSI. Spá um aldursdreifingu í aflanum 1990.

Fig. 27. SAITHE. Prognosis of age distribution of the 1990 catch.

4. Karfi og djúpkarfi


4.1. Afli og sókn



28. mynd. KARFI. Heildarafli árin 1969-1989 og meðalveiðidánartala 14-23 ára karfa sama tímabil.

Fig. 28. S. MARINUS. Total landings 1969-1989 (upper line) and mean F_{14-23} during the same period.

Á Íslandsmiðum jókst samanlagður afli af karfa og djúpkarfa úr rúmum 86 þús. tonnnum árið 1986 í rúm 88 þús. tonn árið 1987 eða um 2% (tafla 20.4). Á árinu 1988 veiddust rúm 94 þús. tonn (28. mynd). Sóknin jókst um 8% frá árinu 1987 en afli á sóknareiningu minnkaði lítilsháttar. Aflaukning varð því eingöngu vegna aukinnar sóknar. Á árinu 1989 var karfaafli í maílok nokkru minni en á sama tíma árið 1988. Ef ekki verða meiriháttar breytingar á sókn, sem nú gefur nær hámarksafurkastur (29. mynd), má því ætla að karfaafllinn á árinu 1989 verði um 90 þús. tonn.



29. mynd. KARFI.
Afrakstur á 11 ára nýliða
miðað við mismunandi sókn
(veiðidánartölu).

Fig. 29. S. MARINUS.
Yield per 11 year old recruit.

Í heild var karfaafllinn meiri árið 1988 en 1987 á svæðinu Færeyjar-Ísland-Austur Grænland. Alls veiddust um 120 þús. tonn árið 1988 en 114 þús. tonn árið 1987. Við Austur Grænland jókst karfaafllinn úr 8 þús. tonnnum 1987 í 10 þús. tonn 1988. Við Færeyjar hélt afllinn áfram að minnka, þ.e. úr 22 þús. tonnnum 1986 í 18 þús. tonn 1987 og tæp 16 þús. tonn 1988 (tafla 20.5).

Áætlaður afli á úthafskarfa á árinu 1988 er um 80 þús. tonn, en var um 91 þús. tonn árið 1987 og um 105 þús. tonn árið 1986. Úthafskarfinn er talinn sérstakur stofn, og veiðar úr honum hófust fyrst að marki árið 1982. Íslendingar hófu veiðar úr þessum stofni í apríl 1989.

4.2. Aldurs- og lengdardreifing í afla

Lengdardreifing karfa (*Sebastes marinus*) í afla 1988 var nokkuð frábrugðin því sem var árið 1987. Að vanda var mest af 34-42 cm fiski (13-20 ára) eða um 72% af fjölda (60% árið 1987). Hins vegar var meira um yngri fisk (undir 34 cm) og var meðallengdin því nokkru minni en undanfarin ár eða 38.4 cm. Nokkrar breytingar voru einnig á alders- og lengdardreifingu hjá djúpkarfa (*S. mentella*). Hlutfall fisks undir 34 cm var heldur hærra, eða 2% (1.1% 1987). Þá voru um 72% aflans 34-42 cm (13-20 ára) en 57% árið 1987. Það var því miklu minna um fisk yfir 42 cm í aflanum 1988 miðað við 1987 eða 26% í stað 42%. Meðallengd djúpkarfa var því mun minni 1988 eða 40.3 cm (42.0 cm 1987).


Skipting karfaaflans (*Sebastes marinus*) í fjölda eftir aldri er sýnd í töflu 21.18 og veiðidánartölur í töflu 21.20.

4.3. Ástand karfastofnanna

4.3.1. Karfi (*Sebastes marinus*)

Á íslenska hafsvæðinu reyndist hlutur karfa um 85% af samanlögðum afla karfa og djúpkarfa árið 1988, sem er mun hærra hlutfall en árið áður.

Niðurstöður nýrrar úttekta með aldurs-afla aðferð eru byggðar á úttekt þeirri sem vinnunefnd Alþjóðahafsrannsóknaráðsins gerði í september 1988. Samkvæmt núverandi mati stækkaði veiðistofninn (11 ára og eldri karfi) úr tæpum 880 þús. tonnum 1977 í um 940 þús. tonn 1981, en minnkaði síðan stöðugt til ársins 1985 og var þá um 660 þús. tonn (30. mynd). Hrygningarstofninn hefur tekið hliðstæðum breytingum. Hann komst í um 540 þús. tonn árið 1981 en hafði minnkað í um 450 þús. tonn árið 1985.



30. mynd. KARFI. Stærð veiðistofns (11 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1969-1989 í þúsundum tonna.

Fig. 30. *S. MARINUS*. Fishable stock (11+) and spawning stock biomass during the same period 1969-1989 (thousand tonnes).

Stærð karfastofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd hrygningarstofnsins er sýnd í töflu 21.19. Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri eru sýnd í töflum 21.16 og 21.17.

4.3.2. Djúpkarfi (*Sebastes mentella*)

Ekki er unnt að gera úttekt á djúpkarfa nú frekar en áður. Á öllu svæðinu minnkaði djúpkarfaafllinn á árinu 1988 í tæp 32 þús. tonn úr 35 þús. tonnum árið 1987. Á Íslandsmiðum var aflinn mun minni en árið áður, eða um 14 þús. tonn en var um 19 þús. tonn 1987.

4.4. Tillögur um hámarksafli 1990

Frá árinu 1981 hnignaði karfastofninum (*S. marinus*) ár frá ári, bæði veiði- og hrygningarstofni. Þessi þróun stöðvast 1986 og hefur stofninn heldur vaxið síðan. Afli á sóknareiningu var lítilsháttar minni árið 1988 en 1987 hjá íslenskum togurum. Hins vegar jókst heildarsóknin um rúm 8%. Það sem af er árinu 1989 hefur afli á sóknareiningu aukist lítillega aftur.

Reiknað hefur verið út hvaða áhrif mismunandi aflí á árinu 1990 hefði á karfastofninn (*S. marinus*) á Færeyja-Íslands-Austur Grænlandssvæðinu (tafla 5).


TAFLA 5
Karfi (*S. marinus*). Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn) 1990-1992.

*Redfish (*S. marinus*). Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) for different management strategies in 1990-1992.*

1989					1990			1991			1992	
Stofn 11+	Hrygn.-stofn	Afli F ¹⁾	Afli Catch	Veiðiráðgjöf 1990-1991 Aflahámark TAC	Stofn 11+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 11+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 11+	Hrygn.-stofn
Stock 11+	Spawning stock				Stock 11+	Spawning stock		Stock 11+	Spawning stock		Stock 11+	Spawning stock
690	350	0,18	80	60	700	340	0,13	720	350	0,13	750	370
				80			0,18	700	330	0,19	710	330
				100			0,24	680	310	0,27	660	300

1) F = Veiðidánartala (14-23 ára karfi). (F = Fishing mortality of age groups 14-23.)

Gert er ráð fyrir að aflinn á árinu 1989 verði 80 þús. tonn eða aðeins minni en á árinu 1988. Gert er ráð fyrir að nýliðun yngstu árganganna (1974-1976) svari til meðaltals árganganna 1956-1969 og verði 191 milljón 11 ára fiska (31. mynd).



31. mynd. KARFI. Stærð karfaárganganna 1956-1978. Fjöldi við 11 ára aldur.

Fig. 31. *S. MARINUS*. Year classes 1956-1978. Abundance in millions at age 11.

Ef miðað er við 100 þús. tonna ársafla 1990 mun bæði veiðistofn (11 ára fiskur og eldri) og hrygningarstofn minnka verulega. Sé miðað við 80 þús. tonna afla myndi veiðistofn standa í stað en hrygningarstofn minnka. Sé hins vegar miðað við 60 þús. tonna afla myndi bæði


veiðistofn og hrygningarstofn aukast lítillega.

Karfaafli (*S. marinus*) var heldur meiri árið 1988 en næstu ár á undan. Var sú aukning alfarið vegna aukins afla við Ísland. Hins vegar var djúpkarfaafli (*S. mentella*) um 5 þús. tonnum minni en árið 1987, þ.e. hann minnkaði úr um 38 þús. tonnum 1987 í um 33 þús. tonn 1988, en það samsvarar samdrætti Íslendinga í veiðum á djúpkarfa 1988. Í júnílok 1989 var hlutfall djúpkarfa í afla Íslendinga á árinu 1989 svipað og árin fyrir 1988.

Með hliðsjón af niðurstöðum um stærð karfastofnsins (*S. marinus*) og að hlutur djúpkarfa í karfaafli Íslendinga verði svipaður og árin 1986 og 1987, um 20 þús tonn, leggur Hafrannsóknastofnunin til, að hámarksafli á Íslandsmiðum árin 1990 og 1991 verði 80 þús. tonn hvort ár af báðum tegundunum samanlagt. Við þessa ráðgjöf hefur einnig verið tekið tillit til niðurstöðu Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

5. Grálúða

5.1. Afli, sókn og árgangaskipan 1988 og 1989




Heildarafli grálúðu árið 1987 var tæp 47 þús. tonn, þar af veiddu Íslendingar tæp 45 þús. tonn.

Árið 1988 varð afli Íslendinga um 49 þús. tonn. Má því ætla að 1988 hafi aflinn verið um 51 þús. tonn að meðtöldum afla útlendinga. Þróunin það sem af er árinu 1989 bendir til enn frekari aflaukningar. Í lok júní 1989 er aflinn þegar orðinn svipaður ársafli 1988, 51 þús. tonn. Með svipaðri þróun og undanfarin ár má gera ráð fyrir að ársafli 1989 verði vart undir 60 þús. tonnum (Sjá 32. mynd og töflu 20.6).

Aflaukningin síðustu þrjú árin er afleiðing mikillar sóknaraukningar en sókn í stofninn hefur þrefaldast síðan 1986. Afli hefur aukist í öllum aldursflokkum, sérstaklega er þetta áberandi í yngri aldursflokkunum, 6-8 ára. (Sjá töflu 21.23.)

5.2. Ástand stofnsins


Grálúða við Austur Grænland, Ísland og Færeyjar er talin tilheyra sama stofninum. Fiskveiðidánartala hækkaði ört fram til 1980, á árunum 1980-1987 var hún á bilinu 0.32-0.53, tekur stökk í 0.62 1988 og er enn hærri á árinu 1989 (32. mynd og tafla 21.25). Veiðistofn 6 ára og eldri var talinn 210 þús. tonn í ársbyrjun 1988, en minnkaði í 190 þús. tonn árið 1989 (33. mynd og tafla 21.24).



33. mynd. GRÁLÚÐA. Stærð heildarstofns (5 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1976-1989 í þúsundum tonna.

Fig. 33. GREENLAND HALIBUT. Total stock (5⁺) and spawning stock biomass during the period 1976-1989 (thousand tonnes).

Síðasta úttekt náði fram til ársins 1987, en þegar árin 1988 og 1989 eru tekin með virðast árgangarnir 1978 og 1979 hafa verið vanmetnir. Árgangarnir 1980 og 1981 eru yfir meðalstærð.



34. mynd. GRÁLÚÐA. Afrakstur á 5 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 34. GREENLAND HALIBUT. Yield per 5 year old recruit.

Hrygningarstofninn hefur stækkað úr 73 þús. tonnum 1982 í 91 þús. tonn 1988. Hann minnkar síðan í 75 þús. tonn árið 1989, sem að einhverju leyti má rekja til aflaukningar á eldri fiski árið 1988 (32. mynd).

Afrakstur á nýliða er sýndur á 34. mynd. Þar kemur fram að núverandi sókn er langt umfram hámarksafrakstur.

Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri er sýnt í töflum 21.21 og 21.22.


5.3. Tillögur um hámarksafla 1990

Í framreikningi á stærð stofnsins í ársbyrjun 1990 er gert ráð fyrir að nýliðun verði nálægt meðaltali árána 1980-1986 og aflinn verði 60 þús. tonn á yfirstandandi ári, 1989. Þá er og gert ráð fyrir að kynþroski fylgi sama mynstri og meðaltal árána 1984-1987.

TAFLA 6
Grálúða. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn)
1990-1992.
*Greenland halibut. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes)
for different management strategies in 1990-1992.*

1989					1990			1991			1992	
Stofn 6 ⁺ Stock 6 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	Afli F ¹⁾ Catch		Veiðiráðgjöf 1990-1992 Aflhámark TAC	Stofn 6 ⁺ Stock 6 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 6 ⁺ Stock 6 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock	F ¹⁾	Stofn 6 ⁺ Stock 6 ⁺	Hrygn- stofn Spawning stock
190	75	1,00	60	30	165	55	0,60	170	60	0,55	180	65
				45			1,03	155	50	1,22	145	45
				60			1,60	140	40	2,69	115	30

1) F= Veiðidánartala (8-13 ára grálúðu). (F = Fishing mortality of age groups 8-13.)




35. mynd. GRÁLÚÐA. Stærð grálúðuárganganna 1971-1984. Fjöldi við 5 ára aldur (í milljónum).

Fig. 35. GREENLAND HALIBUT. Year classes 1971-1984 at age 5 (in millions).

Stærð grálúðuárganganna frá 1971-1984 í milljónum fiska er sýnd á 35. mynd.

Áætlað er að veiðistofn 6 ára og eldri verði 190 þús. tonn í ársbyrjun 1990. Ef veidd verða 60 þús. tonn 1990 og 1991, eða svipað og á yfirstandandi ári, minnkar veiðistofninn í 110 þús. tonn árið 1992. Enn alvarlegra er að hrygningarstofn verður þá kominn niður í 30 þús. tonn (tafla 6) eða aðeins þriðjung af hrygningarstofni ársins 1988. Leiða má að því sterk rök að svipuð sókn næstu 2-3 árin og verið hefur undanfarið muni valda hruni í stofninum. Eldri hluti hans mun þá minnka mjög og viðkoma þar af leiðandi einnig. Á 36. mynd er sýnd spá um aldursdreifingu í aflanum 1990. Þar er gert ráð fyrir að mestur hluti aflans verði 7-10 ára grálúða. Verði aflinn minnkaður í 45 þús. tonn mun stofninn einnig minnka verulega á næstu árum. Við 30 þús. tonna afla mun veiðistofninn stækka örlítið, úr 165 þús. tonnum í ársbyrjun 1990 í 180 þús. tonn 1992.



36. mynd. GRÁLÚÐA.
Spá um aldursdreifingu í
aflanum árið 1990.

Fig. 36. GREENLAND
HALIBUT. Prognosis of age
distribution of the 1990
catch.


Á árunum 1980-1986 var veiðistofn áætlaður á bilinu 160 til 190 þús. tonn. Aflinn á þessu tímabili var á bilinu 30-35 þús. tonn að undanskildu árinu 1981. Því virðist sem grálúðustofninn geti staðið undir ársafla að þessu marki. Þetta er í samræmi við útreikninga á afrakstri á nýliða, þar sem meðalárgangur gefur af sér um 35 þús. tonna afla.

Með hliðsjón af þessu, og því að afli útlendinga er u.þ.b. 2 þús. tonn árlega, leggur Hafrannsóknastofnunin til að afli verði minnkaður í 30 þús. tonn á næstu tveim árum.

6. Steinbítur

Undanfarin ár hefur steinbítaafllinn verið um 12 þús. tonn (37. mynd). Árið 1988 var hann um 14.500 tonn og áætlaður afli 1989 er svipaður eða aðeins meiri. Aldur steinbíts í afla fiskiskipa hefur verið 8-20 ár og 10-15 ára fiskur algengastur. Jafnstöðuafl steinbíts er talinn um 13 þús. tonn. Samkvæmt niðurstöðum úr stofnmælingu botnfiska árin 1985-1989 var steinbítastofninn (vísitala) vaxandi fram til 1988 og er stærð stofnsins nú svipuð og árin 1986 og 1987.


Steinbítaafllinn frá 1950 er sýndur í töflu 20.7.



37. mynd. STEINBÍTUR.
Heildarafli árin 1965-1988.

Fig. 37. WOLFFISH. Total landings during the period 1965-1988 (thousand tonnes).

7. Skarkoli



38. mynd. SKARKOLI.
Heildarafli árin 1965-1988.


Fig. 38. PLAICE. Total landings during the period 1965-1988 (thousand tonnes).

Heildarafli árið 1988 var rúmlega 14 þús. tonn eða um 3 þús. tonnum meiri en árið 1987. Á fyrstu 6 mánuðum ársins 1989 veiddust rúm 4 þús. tonn, sem er um 1.300 minna en sömu mánuði árið 1988. Samkvæmt því má gera ráð fyrir heldur minni afla árið 1989 en var árið 1988. Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í mars árin 1985-1989 endurspeglar þessa þróun. Skarkolaafliinn frá 1965 er sýndur á 38. mynd og í töflu 20.7 allt frá 1950.

Bent hefur verið á að hámarksjafnstöðuafli úr skarkolastofninum sé um 10.000 tonn. Með hliðsjón af framansögðu leggur Hafrannsóknastofnunin til að leyfilegur hámarksafli skarkola árið 1989 verði 10.000 tonn.

8. Blálanga


Blálanga er aðallega veidd í botnvörpu. Síðustu fjögur árin hefur blálönguafli á Íslandsmiðum eingöngu fengist sem aukaafli við aðrar veiðar. Sérstakar veiðar á hrygnandi blálöngu voru þó stundaðar á árunum 1980-1984. Þá komst blálönguafllinn í um 8.000 tonn (árin 1980 og 1981), en árið 1985 var aflinn kominn niður í tæp 1.500 tonn. Þrjú s.l. ár (1986-1988) hefur aflinn aukist lítillega aftur og var tæp 1.900 tonn árið 1988. (39. mynd og tafla 20.10).



39. mynd. BLÁLANGA.
Heildaraflí árin 1966-1988.

Fig. 39. BLUE LING. Total landings during the period 1966-1988 (thousand tonnes).

9. Langa




40. mynd. LANGA.
Heildaraflí árin 1966-1988.

Fig. 40. LING. Total landings during the period 1966-1988 (thousand tonnes).

Langa fæst einvörðungu sem aukaafli við aðrar veiðar. Lönguafli Íslendinga hefur verið tiltölulega jafn um árabil, þ.e. á bilinu 3.000-4.000 tonn á ári, mestur 1983 (4.260 tonn) en minnstur 1986 (2.950 tonn). Á árinu 1987 veiddust rúmlega 4.000 tonn og árið 1988 rúmlega 5.000 tonn og hefur lönguafllinn þannig aukist um tæp 23% frá árinu á undan en um 58% frá árinu 1986. Þessi aflaukning hefur orðið í flest veiðarfæri. Lönguafllinn á Íslandsmiðum árin 1966-1988 er sýndur á 40. mynd og töflu 20.11. Með svipaðri sókn er ekki ástæða til að ætla annað en að lönguafllinn verði á bilinu 4.000 til 5.000 tonn árin 1989 og 1990.

10. Keila

Keiluaflí Íslendinga á árinu 1988 var rúm 3.000 tonn. Aflaukning var aðeins um 130 tonn frá árinu á undan. Meðalafli áráanna 1984-1988 var rúmlega 3.000 tonn. Keila veiðist aðallega á línu, þ.e. 90-95% aflans (rúmlega 91.5% árið 1988) en hlutdeild neta og botnvörpu er lítið eitt breytileg frá ári til árs. Keiluaflí áráanna 1966-1988 er sýndur á 41. mynd og töflu 20.12. Gert er ráð fyrir að keiluaflinn verði svipaður og áður, eða um 3.000 tonn árin 1989 og 1990.



41. mynd. KEILA.
Heildaraflí árin 1966-1988.

Fig. 41. TUSK. Total landings during the period 1966-1988 (thousand tonnes).









11. Hrognkelsi

Allt frá því að farið var að veiða grásleppu vegna hrognanna hafa aflbrögð á grásleppuveiðum verið ákaflega misjöfn (43. mynd). Aðalástæður þess eru breytileg nýliðun á hin ýmsu veiðisvæði og gæftir sem oft hafa úrslitaáhrif á aflbrögðin.

Sóknarbreytingar eru þó stundum umtalsverðar, m.a. vegna verðsveiflna, en skipta minna máli. Enn hefur ekkert komið fram við rannsóknir sem bendir til ofveiði.

11.1. Veiðarnar 1988 og 1989


Nýliðunarrannsóknir, sem fram fóru vorið 1987 bentu til góðs ástands hrygningar- og veiðistofna á Breiðafirði og við Norður- og Norðausturland að Ströndum undanskildum, en lélegra ástands við Faxaflóa og á Vestfjörðum. Vertíðin 1988 reyndist hins vegar fádæma léleg og og varð heildaraflinn aðeins 900 tonn miðað við 2.400 tonn árið 1987.



42. mynd. HROGNKELSI. Lengdardreifing grásleppu á nokkrum veiðisvæðum vorið 1988. Afli á sóknareiningu (A/S) er fjöldi á netnótt. Mikill fjöldi á lengdarbilinu 36-39 cm gefur til kynna góða nýliðun.

Fig. 42. LUMPSUCKER. Length composition of female lumpsucker in different fishing areas in 1988. The % length composition has been multiplied by cpue in order to estimate recruitment which is mainly represented by the 36-39 cm length groups.

Aðalástæða hins lélega afla voru eindæma stíðar gæftir, en best var veiðin á norðausturhorni landsins (42. mynd). Engar mælingar fóru fram í Breiðafirði nema fáeinar við Látrabjarg í lok maí, en á Breiðafirði misfórst vertíðin algerlega vegna ógæfta. Lengdardreifing í mælingum á grásleppu úr afla gaf vísbendingu um að góð nýliðun hafi verið í þessa stofna vorið 1988 og gaf það von um þokkalega grásleppugengd vorið 1989.



43. mynd. HROGNKELSI. Heildaraflí grásleppuhrogrna hér við land 1970-1988 (1989 áætlað).

Fig. 43. LUMPSUCKER. Total landings of lumpsucker roes (tonnes) from Iceland grounds 1970-1988. Values for 1989 are assumed.

Á vertíðinni 1989 var víða mjög góð grásleppugengd, eins og vonast var til og voru aflabrogð, t.d. á norðausturhorninu, Ströndum, Vestfjörðum og Breiðafirði yfir meðallagi þrátt fyrir erfitt tíðarfar. Erfiðlega gekk hins vegar að selja hrognin vegna mikils framboðs á hrognum frá Kanada. Þess vegna tóku margir sjómenn upp net sín og hættu veiðum í mokafli, þar sem ekki var útlit fyrir að unnt yrði að selja hrognin.


11.2. Aflahorfur 1990

Af mælingum sem borist hafa, má ráða að nýliðun sé víða mjög góð og ætti því að verða framhald á góðri veiði árið 1990.

12. Síld

12.1. Síldveiðarnar 1988

Hafrannsóknastofnun lagði til að ekki yrði veitt meira en 90 þús. tonn af íslenskri sumargotssíld árið 1988 (Hafrannsóknastofnunin, Fjölrit nr. 14). Leyfi til síldveiða fengu alls 89 skip og var úthlutað samtals 90.433 tonnum af síld. Kvóti hvers skips nam því um 1.000 tonnum. Alls framseldu 28 skip 28 þús. tonn af síld og fóru því 61 til veiða og fengu þau samtals 92.827 tonn (samkvæmt skýrslum Fiskifélagsins). Þar af veiddust 4.134 tonn í janúar en hinn aflinn fékkst á tímabilinu frá október-deseember. Um 78% þessa afla fór til frystingar og söltunar en 22% aflans til bræðslu. Allur aflinn fékkst í nótt og er nú augljóst að síldveiðar í lagnet og reknnet sem talsvert voru stundaðar hér fyrir nokkrum árum heyra fortíðinni til. Síldin veiddist í öllum Austfjörðunum allt frá Loðmundarfirði og suður í Berufjörð. Mest veiddist í Reyðarfirði og Eskifirði eða um 32 þús. tonn. Þá veiddust tæp 10 þús. tonn á svæðinu við Hrollaugseyjar og Ingólfshöfða.



44. mynd. SÍLD. Heildaraflí árin 1975-1988 og vegin meðalveiðidánartala 4 ára og eldri síldar sama tímabil.


Fig. 44. HERRING. Total landings 1975-1988 (upper line) and weighted mean F_{4+} during the same period.

Síldaraflinn á tímabilinu 1976-1988 er sýndur á 44. mynd og allt frá 1951 í töflu 20.13.

12.2. Aldursskipting og stofnstærð

Fjöldi landaðra sílda eftir aldri er sýndur í töflu 21.28. Þar kemur fram að á árunum 1974-1977 var árgangurinn frá 1971 algengastur í aflanum. Frá 1979-1982 eru það sterku árgangarnir frá 1974-1975 sem bera uppi veiðina. Mikil breyting varð á aldursdreifingu síldaraflans árið 1983 en þá kom mjög sterkur árgangur frá 1979 inn í veiðina og varð yfir 50% af heildaraflanum. Á vertíðunum 1984-1986 var þessi árgangur einnig lang algengastur í aflanum. Aldursdreifing síldaraflans haustin 1987 og 1988 einkenndist hins vegar af því að aflinn dreifðist á marga árganga allt frá 4-11 ára síld. Haustið 1988 bar þó enn talsvert á 9 ára síld þ.e.a.s. árganginum frá 1979 en mest veiddist af fimm og sex ára síld þ.e.a.s. síld úr árgöngunum 1983 og 1982.


Frá 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar verið mæld árlega með bergmálsaðferðinni. Þessar mælingar hafa farið fram í nóvember-deseember eða janúar við lok síldarvertíðarinnar. Í nóvember og desember 1988 var farinn leiðangur í þessu skyni. Fyrstu daga leiðangursins var gerð tilraun til að mæla síldina við Eldeyjarboða en vegna veðurs varð frá að hverfa. Þarna fengust þó 8 tonn af 28-35 cm síld í einu tugi. Á tímabilinu 6.-19. nóvember var útbreiðsla smásíldar í fjórðum og flóum vestanlands og norðan könnuð. Langmest var af smásíldinni á Eyjafirði og mældust þar 40 þús. tonn af eins og tveggja ára síld. Á tímabilinu 20.-26. nóvember var útbreiðsla síldarinnar könnuð í Austfjörðum og á svæðinu milli Hrollaugseyja og Ingólfshöfða. Mun minna fannst nú af síld í Austfjörðunum en oft áður. Hins vegar fannst stór síldarflekkur á svæðinu frá Hrollaugseyjum að Ingólfshöfða. Síðustu daga leiðangursins var Eldeyjarsvæðið svo kannað aftur. Þá brá svo við að mjög lítið varð vart við fullorðnu síldina sem fannst í byrjun leiðangursins en því meira var af tveggja ára síld og mældust þarna 45 þús. tonn af árganginum frá 1986. Líklegt verður að telja að fullorðni hluti stofnsins sem undanfarin ár hefur haldið sig við Eldey og mikið varð vart við í nóvemberleiðangrinum 1987 hafi ekki fundist nema að litlu leyti 1988, enda hamlaði veður bæði ýtarlegri leit og sýnatöku. Niðurstöður úr nóvemberleiðangrinum 1988 voru þó notaðar við stofnstærðarútreikninga enda þótt hugsanlega sé um nokkurt vanmat á síldarstofninum að ræða.



45. mynd. SÍLD. Stærð hrygningarstofns árin 1970-1989.

Fig. 45. HERRING. Spawning stock biomass during the period 1970-1989 (thousand tonnes).

Venjulega er gert ráð fyrir því að íslenska sumargotssíldin sé að fullu komin í veiðina þegar hún er fimm ára gömul en augljóst er að síldveiðarnar 1987 og 1988 beindust fyrst og fremst að eldri hluta stofnsins (7 ára og eldri) sem hefur haldið sig einkum í norðanverðum Austfjörðum undanfarin ár. Í leiðangrinum mældist t.d. langmest af síld á Ingólfshöfða - Hrollaugseyjasvæðinu en þar veiddust aðeins 10 þús. tonn. Hið svokallaða veiðimynstur 1987 og 1988 er að því leyti frábrugðið fyrri árum að hlutfallslega veiddist minna af fjögurra, fimm og sex ára síld en venjulega miðað við stærð viðkomandi árganga.




46. mynd. SÍLD. Afrakstur á 2 ára nýliða miðað við mismunandi sókn (veiðidánartölu).

Fig. 46. HERRING. Yield per 2 year old recruit.

Samkvæmt þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir hefur hrygningarstofninn vaxið úr 260 þús. tonnum 1983 í um 300 þús. tonn 1985. Gert er ráð fyrir að árið 1989 verði hrygningarstofninn tæp 400 þús. tonn en það er um 20% minna en gert var ráð fyrir samkvæmt úttektinni frá árinu 1988 (45. mynd). Þetta er nánara sýnt í töflu 21.29 er sýnir

niðurstöður stofnstærðarútreikninga með aldurs-afla aðferð allt frá árinu 1970-1989. Tafla 21.30 og 44. mynd sýna veiðidánarstuðla á tímabilinu 1970-1988. Vegið meðaltal veiðidánarstuðla síðastliðin 10 ár hefur verið á bilinu frá 0.19 upp í 0.32 eða í námunda við þann veiðistuðul sem gefur kjörsókn en fyrir íslensku sumargotssíldina er hann 0.22 (46. mynd). Veiðidánarstuðlar í elstu árgöngunum þ.e.a.s. átta ára síld og eldri hafa þó verið mun hærri undanfarin tvö ár enda hefur veiðin beinst að þessum hluta stofnsins eins og getið var hér að framan. Meðalþyngd og kynþroskahlutfall eftir aldri á árunum 1970-1989 er sýnt í töflum 21.26 og 21.27.



47. mynd. SÍLD. Spá um aldursdreifingu síldaraflans 1989.

Fig. 47. HERRING. Prognosis of age distribution of the 1989 catch.

Spá um aldursdreifingu síldaraflans 1989 er sýnd á 47. mynd og nánari grein er gerð fyrir aldursskiptingunni ásamt meðalþyngd og lengd í 7. töflu.

Tafla 7

Síld. Spá um aldursdreifingu 1989 og 1990 ásamt meðalþyngd og meðallengd. Herring. Age distribution of herring (in %) 1989 and 1990 as well as mean weight and mean length.

Aldur age	1989	1990	Meðalþyngd Mean weight g	Meðallengd Mean length cm
	% eftir fjölda by number	% eftir fjölda by number		
3	9	6	136	27
4	8	25	197	29.5
5	22	11	240	31.5
6	34	15	274	33
7	14	23	305	34
8	4	10	328	35
9	2	2	350	36
10+	7	6	400	37


Allt frá 1975 að veiðar hófust aftur úr íslenska sumargotssíldarstofninum hefur sókninni verið stillt mjög í hóf og hin síðustu ár hefur hún miðast við svokallaða kjörsókn. Eins og sést á 46. mynd eykst afrakstur nýliða mjög lítið þótt sóknin aukist eftir að kjörsókn er náð. Spá um þróun síldarstofnsins byggð á niðurstöðum bergmálmælinganna er sýnd í 8. töflu.

TAFLA 8

Síld. Áhrif mismunandi sóknar (F) árið 1989 á áætlaða stærð hrygningarstofns sumargotssíldar (þús. tonn) 1990.
 Herring. Projection of the spawning stock size of the Icelandic summer spawning herring (thousand tonnes) in 1990 for different management strategies in 1989.

1989	Veiðiráðgjöf 1989		1990
Hrygningarstofn 1. júlí Spawning stock biomass 1. July	$F_{89}^{1)}$	Afli Catch	Hrygningarstofn 1. júlí Spawning stock biomass 1. July
385	0.22 = F_k	76	445
	0.26 = F_{88}	90	430

1) Vegin veiðidánartala 4 ára og eldri. (Weighted fishing mortality of age group 4+ ($F_k = F_{opt}$))



48. mynd. SÍLD. Stærð síldarárganganna 1970-1987. Fjöldi við 2 ára aldur.

Fig. 48. HERRING. Year classes 1970-1987 at age 2 (in millions).

Gert er ráð fyrir að hrygningarstofninn verði um 400 þús. tonn árið 1989 en það er talsvert minna en búist hafði verið við samkvæmt fyrri úttekt. Venjulega er gert ráð fyrir því að varanlegur hámarksafrakstur þessa síldarstofns sé í námunda við 75 þús. tonn en vegna þess hve góðir árgangar hafa bæst í stofninn að undanförunu (48. mynd) er um að gera að veiða nokkru meira en þetta meðan þeirra nýtur við.


Samkvæmt þessari úttekt sem byggð er á bergmálmælingum í nóvember 1988 kemur í ljós að aflinn á vertíðinni 1989 yrði aðeins um 76 þús. tonn ef miðað væri við kjörsókn. Þetta er 20 þús. tonnum minni afli en gert hafði verið ráð fyrir í síðustu úttekt. Ef veidd yrðu 90 þús. tonn á haustvertíð 1989 kemur í ljós að veiðidánarstuðullinn yrði aðeins hærri en kjörsókn gefur til kynna. Eigi að síður myndi hrygningarstofninn vaxa úr 385 þús. tonnum í 430 þús. tonn árið 1990. Niðurstöður bergmálmælinga árið 1987 að teknu tilliti til vertíðarinnar 1988 gefa hins vegar til kynna að fiskveiðidánarstuðull 1989 verði 0.2 þ.e. mjög nærri kjörsókn ef veidd verða 90 þús. tonn. Þar eð síldarstofninn hefur sennilega verið vanmetinn í síðustu bergmálmælingum og hrygningarstofninn vex frá 1989-1990 er lagt til af aflinn verði 90 þús. tonn á árunum 1989 og 1990. Tillögur um leyfilegan hámarksafla fyrir árið 1990 verða þó endurskoðaðar eftir því sem niðurstöður rannsókna gefa tilefni til.

13. Loðna

13.1. Veiðarnar 1988/1989

Dagana 6.-24. október 1988 var stærð stofnsins mæld á tveim skipum eins og venja hefur verið á undanförunum árum. Alls mældust um 1.415 þús. tonn af eins til þriggja ára gamalli loðnu, þar af um 1.225 þús. tonn af hrygningarloðnu sem veiðarnar byggjast á.


Októbermælingin svaraði til þess að veiða mætti 830 þús. tonn frá 20. sama mánaðar til vertíðarloka. Þetta svaraði til 415 þús. tonna til viðbótar upphafskvótanum (500 þús. tonn) og 915 þús. tonnum á vertíðinni allri þegar aflinn sem á land var kominn er talinn með (einnig afli Færeyinga í grænenskri lögsögu).



49. mynd. LOÐNA. Stærð veiðistofns við upphaf og hrygningarstofns við lok hverrar vertíðar.

Fig. 49. CAPELIN. Abundance of the fishable stock in the beginning of the 1978/79-1988/89 seasons and the remaining spawning stock biomass.


Í október reyndist mikill hluti veiðistofnsins enn ekki kominn til baka á venjulegar vetrarslóðir út af Norðurlandi og Vestfjörðum en hélt sig þess í stað skammt utan við grænenska landgrunnskanntinn austur og suðaustur af Scoresbysundi. Loðnan var í þéttum torfum á 250-350 m dýpi að deginum en kom oft upp undir yfirborð og dreifðist á nóttunni. Reynsln sýnir að stærð stofns er oftast vanmetinn þegar þannig hagar til.



50. mynd. LOÐNA.
Heildarafli á vertíðunum
1978/79-1988/89.

Fig. 50. CAPELIN. Total
landings in the 1978/79-
1988/89 seasons.

Stærð veiðistofnsins var mæld á ný í janúar 1989 en þá var hann allur saman kominn út af Austfjörðum, frá Langanesi suður á mótis við Hvalbak. Í janúar mældust 930 þús. tonn af þriggja og fjögurra ára kynþroska loðnu (tveggja og þriggja ára fyrir áramótin), sem jafngilti því að veiða mætti 530 þús. tonn frá því mælingu lauk til vertíðarloka. Var þá miðað við að 400 þús. tonn hryngdu vorið 1989 eins og jafnan hefur verið stefnt að á undanförunum árum. Að viðbættum þeim 535 þús. tonnum sem á land voru komin, jafngilti janúarmælingin 1.065 þús. tonna vertíðarafli eða 150 þús. tonnum meira en októbermælingin hafði gefið til kynna. Samkomulag varð um þennan hámarksafli milli Íslendinga og Norðmanna en grænlenksku veiðarnar voru enn utan kvóta þótt tekið væri tillit til þeirra við ákvörðun hámarksafli.



51. mynd. LOÐNA. Stærð
loðnuárganganna 1976-1986.
Fjöldi nýliða við 2 ára aldur
(í milljónum).

Fig. 51. CAPELIN. Size of
the 1976-1986 year classes at
age 2 (in millions).

Aflinn á vertíðinni 1988/1989 varð alls 1.022.800 tonn. Skipting milli veiðitímabila og þjóða er sýnd í töflu 20.14, auk heildarafla á Íslands-Grænlands-Jan Mayen svæðinu allt frá árinu 1964. Stærð veiðistofns við upphaf og hrygningarstofns við lok vertíðanna 1978/79-1988/89 er sýnd á 49. mynd og loðnuafllinn á sömu vertíðum á 50. mynd. Stærð loðnuárganganna frá 1976-1986 er sýnd á 51. mynd.

13.2. Ástand veiðistofnsins 1989/1990

Næsta loðnuvertíð mun aðallega byggjast á árganginum frá 1987, en auk þess á þeim hluta árgangsins frá 1986 sem ekki hryngdi vorið 1989.

Í ágúst 1988 var gerð könnun á útbreiðslu og fjölda ókynþroska loðnu. Nær öll ókynþroska loðna sem mældist, var af árgangi 1987 og er talið að mælingin hafi náð til þess árgangs. Þar sem rannsóknarsvæðið takmarkaðist að norðan við 68° n.br. og í ljósi síðari rannsókna er augljóst að ekki náðist til eldri loðnunnar nema að litlu leyti. Niðurstöður um fjölda og þyngd eftir aldri eru sýndar í eftirfarandi töflu:

Árgangur <i>Year class</i>	Fjöldi í milljörðum <i>Number in billions</i>	Þyngd í þús. tonna <i>Weight in thous. tonnes</i>
1987	146.9	378.1
1986	13.4	165.0
1984	2.9	51.2
Samtals <i>Total</i>	163.2	594.3
Kynþroska <i>Mature</i>	13.1	192.6

Í október 1988 varð talsvert vart við smáloðnu af 1987 árganginum í samanburði við haustmælingar fyrri ára, en heldur lítið við ókynþroska loðnu af árgangi 1986. Haustmælingar á hinum ókynþroska hluta stofnsins eru taldar óáreiðanlegar vegna þess hve smá og stór loðna er blönduð á þessum árstíma og einnig er veiðarfærið, sem notað er til sýnatökunnar, ónákvæmt.

Í janúar 1989 var enn reynt að mæla fjölda og útbreiðslu ókynþroska loðnu. Sá hluti stofnsins hélt sig þá að mestu leyti í Grænlandssundi. Þar var ekki unnt að komast að nema hluta hans vegna íss og af þeim sökum var mælingin ekki marktæk.

13.3. Hámarksafli á vertíðinni 1989/1990

Þegar reynt er að áætla stærð veiðistofnsins á komandi vertíð eru það aðeins ágústmælingarnar á stærð 1987 árgangsins þegar hann er ársgamall sem við er að styðjast. Slíkar mælingar hafa verið gerðar árlega síðan 1982, þ.e. á árgöngunum 1981-1987.

Þegar tekið hefur verið tillit til afla og náttúrulegra affalla, er unnt að bakreikna stærð fimm fyrstu árganganna út frá mælingum á stærð þeirra í veiði- og hrygningarstofni. Niðurstöður fyrir árgangana 1981-1985 má síðan bera saman við ágústmælingarnar. Sambandinu milli þessara tveggja mælinga er lýst með fallinu $y=83.9+0.554x$, þar sem fylgnistuðullinn $R^2=0.92$. Spágildið er þó takmarkað vegna þess hve athuganir eru fáar. Árgangurinn frá 1986 er enn ókynþroska að hluta og samkvæmt fyrri reynslu er stærð hans vanreiknuð.

Ef ofangreint fall er notað til þess að reikna út stærð 1987 árgangsins við tveggja ára aldur út frá ágústmælingunni 1988, verður hann um 109 milljarðar við upphaf sumarvertíðar 1989 þegar tekið hefur verið tillit til náttúrulegra affalla.

Út frá meðaltölum seinustu ára varðandi kynþroskahlutfall yngri árgangsins (1987), hlutfalli árganga og meðalþyngd í veiði- og hrygningarstofni auk dánartölu má spá stærð veiðistofnsins og aflakvóta á komandi vertíð með því að gera ráð fyrir að:

- Veiðarnar byggist svo til eingöngu á kynþroska loðnu af árganginum frá 1986 og 1987.
- Um 70% af 1987 árganginum og allur 1986 árgangurinn verði kynþroska.
- Hlutfall árganganna frá 1986 og 1987 í veiði- og hrygningarstofni verði um 4:1. Þetta er nærri meðaltali árána 1981-1989 að undanskildu árinu 1987 sem var óvenjulegt.
- Meðalþyngd 1986 og 1987 árganganna verði 24.6g og 17.4 g í veiðistofninum en 26.3 g og 19.4 g við hrygningu.
- Náttúruleg afföll verði svipuð og reiknað hefur verið með áður.
- Skilin verði eftir 400 þús. tonn til hrygningar voríð 1990.

Niðurstaða þessa dæmis er að um 1.150 þús. tonn verði til skiptanna á 1989/1990 vertíðinni allri. Það er hins vegar ljóst að flestar forsendur eru háðar mikilli óvissu. Þær byggjast allar á meðaltölum nema fjöldi fiska af árgangi 1987 en hann hefur aðeins tekist að mæla einu sinni svo viðunandi geti talist.

Sú reynsla sem þegar er fengin af aflaspám af þessu tagi bendir þó til þess að fjöldi fiska af yngri árganginum sé eitthvað vanmetinn. Á hinn bóginn þarf að hafa í huga að sjór hefur farið kólnandi í norðurhöfum að undanförunu og ekki er séð fyrir endann á þeirri þróun. Af þessum sökum var loðnan heldur rýr á seinustu vertíð. Ef reiknað er með sömu meðalþyngd og á vertíðinni 1988/1989 leiðir það til þeirrar niðurstöðu að um milljón tonn verði til skiptanna á vertíðinni 1989/1990.

Vegna þessa og eins því, hve mælingarnar í ágústmánuði á ársgamalli loðnu ná yfir fá ár er lagt til að hámarksafli á sumar- og haustvertíðinni 1989 verði 900 þús. tonn og hámarksafli fyrir tímabilið desember 1989/mars 1990 verði síðan ákveðinn þegar tekist hefur að mæla stærð veiðistofnsins haustið 1989.

13.4. Hámarksafli á sumar- og haustvertíð 1990

Um ástand veiðistofnsins á vertíðinni 1990/1991 er lítið hægt að segja enn sem komið er. Veiðarnar munu fyrst og fremst byggjast á 1988 árganginum en mjög mikið var af loðnuseiðum í ágúst það ár og þau vel á sig komin. Sama var uppi á teningnum í grænenskum leiðangri sem farinn var á landgrunnssvæðið frá Scoresbysundi vestur fyrir Angmagssalik í september sama ár og mikið varð vart við loðnuseiði þegar stærð veiðistofnsins var mæld í október 1988.

Reynslan hefur hins vegar sýnt að slíkar mælingar hafa lítið spágildi en vænta má nánari vitneskju um stærð 1988 árgangsins að loknum mælingum á ársgamalli loðnu í ágúst og október/nóvember 1989.


14. Kolmunni

14.1. Veiðarnar

Á árunum 1979 og 1980 náði kolmunnaaflinn hámarki og varð tæplega 1.1 milljón tonn. Síðan minnkaði hann ört og fór niður í 539 þús. tonn 1983. Eftir það jókst aflinn á ný fram til 1986 þegar hann varð 757 þús. tonn en minnkaði aftur á árinu 1987 í 632 þús. tonn.

Kolmunnaaflinn frá 1977 er sýndur á 52. mynd og frá 1970 í töflu 20.15.

Íslendingar hafa ekki stundað kolmunnaveiðar nokkur undanfarin ár.




52. mynd. KOLMUNNI. Heildarafli árin 1977-1988 og meðalveiðidánartala 4-8 ára kolmunna sama tímabil.

Fig. 52. BLUE WHITING. Total landings 1977-1988 (upper line) and F_{4-8} during the same period.

14.2. Aldursskipting

Enn sem fyrr eru sterku árgangarnir frá 1982 og 1983 áberandi í veiðinni. Árið 1987 voru þessir tveir árgangar um 51% af fjölda landaðra fiska og samanlagt voru árgangarnir frá 1982-1986 um 82% af fjölda fiska í afla.


14.3. Stofnstærð



53. mynd. KOLMUNNI. Stærð heildarstofns og hrygningarstofns (fjögurra ára og eldri) árin 1977-1988 í milljónum tonna.


Fig. 53. BLUE WHITING. Total stock and spawning stock biomass (4^+) during the period 1977-1988 (million tonnes).

Við úttekt á kolmunnastofninum sem gerð var í september 1988 komst kolmunnavinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins að þeirri niðurstöðu að heildarstofninn minnkaði stöðugt frá 1977 til 1982 (53. mynd). Þessi þróun breyttist árið 1983 og stækkaði stofninn aftur er sterku árgangarnir frá 1982 og 1983 bættust í hann. Stærð hrygningarstofns minnkaði einnig á sama tímabili en frá árinu 1985 hefur hann vaxið á ný eftir því sem þessir sömu árgangar urðu kynþroska. Síðan 1986 hafa bæði heildar- og hrygningarstofn minnkað heldur á ný.



54. mynd. KOLMUNNI.
Stærð seiðaárganga
1970-1987 í milljónum.

Fig. 54. BLUE WHITING.
Year classes 1970-1987 at age
0 (in millions).



55. mynd. KOLMUNNI.
Afrakstur á nýliða miðað við
mismunandi sókn
(veiðidánartölu).

Fig. 55. BLUE WHITING.
Yield per recruit.

Fjöldi nýliða af árgöngunum 1970-1987 er sýndur á 54. mynd.

Meðalveiðidánartala 4-8 ára kolmunna var mjög lág eða undir 0,1 á árunum 1970-1977. Eftir það jókst meðalveiðidánartala hratt fram til 1981, en hefur verið nokkuð stöðug síðan á bilinu frá 0,18-0,30 (52. mynd), sem er töluvert yfir svokallaðri kjörsókn, sem fyrir kolmunnann er um 0,17 eins og sýnt er á 55. mynd.

14.4. Horfur

Aflspár og þróun stofnstærðar fyrir árin 1989 og 1990 eru sýndar í töflu 9. Spárnar eru byggðar á úttekt kolmunnavinnunefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins frá því í september 1988 og í samræmi við skýrslu nefndarinnar (ICES C.M. 1989/Assess:5).

Ef gert er ráð fyrir 11 milljarða meðalnýliðun árána 1986-1990 (meðalnýliðun árána 1978-1985 að undanskildum stóru árgöngunum frá 1982 og 1983) og að fiskveiðidánartalan fyrir 1988 verði 0,17, sem gæfi um 600 þús. tonna afla myndi aflinn 1989 verða 600 þús. tonn með sömu sókn. Ef sóknin yrði sú sama og 1987 ($F=0,22$) yrði aflinn um 780 þús. tonn. Í báðum tilvikum myndu heildarstofn og hrygningarstofn minnka.

Þessi nýjasta úttekt á kolmunnastofninum bendir til þess að sóknin í kolmunnann undanfarin ár hafi verið meiri en sem nemur kjörsókn. Alþjóðahafrannsóknaráðið mælir með því að sóknin í kolmunnastofninn miðist við kjörsókn. Í samræmi við það er útreiknað aflhámark 1989 630 þús. tonn.

TAFLA 9

Kolmunni. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins (milljónir tonna) 1989-1990.
Blue whiting. Projection of stock and spawning stock biomass (million tonnes) for different management strategies in 1989-1990.

1988				Veiðiráðgjöf 1989 F_{89}	1989			1990	
Heildar- stofn <i>Total stock</i>	Hrygn- stofn <i>Spawning stock</i>	Afli $F^{1)}$	Catch		Heildar- stofn <i>Total stock</i>	Hrygn- stofn <i>Spawning stock</i>	Afli	Heildar- stofn <i>Total stock</i>	Hrygn- stofn <i>Spawning stock</i>
5.8	4.3	0.17	0.60	$0.17 = F_{88} = F_k$	5.6	4.2	0.63	5.4	4.0
				$0.22 = F_{87}$			0.78	5.2	3.9
				0.3			1.05	4.9	3.6


1) F = Veiðidánartala 4-8 ára kolmunna. (F = *Fishing mortality of age groups 4-8.*)

15. Humar

15.1. Veiðarnar 1988 og 1989

Á árinu 1988 var alls úthlutað rúmlega 2.600 tonnum af humri til 81 báts en aflinn varð hins vegar mun minni eða 2.240 tonn. Til samanburðar veiddust 2.712 tonn árið 1987. Humarafli og veiðidánartölur frá 1971 eru sýndar á 56. mynd og aflinn allt frá 1951 í töflu 20.16.


Á suðvesturmiðum (Miðnessjór-Selvogsleir) varð humarafllinn 1988 svipaður og árið 1987 eða um 630 tonn. Afli á togtíma minnkaði hins vegar nokkuð eða úr 44 kg 1987 í 39 kg 1988, sem rekja má til veiðanna í maí og þó sérstaklega í júní þegar tíðarfar var óvenju slæmt.



56. mynd. HUMAR. Heildarafli árin 1971-1988 og meðalveiddánartala 6-13 ára humars sama tímabil.

Fig. 56. NEPHROPS. Nominal catches 1971-1988 (upper line) and F_{6-13} during the same period.

Á Selvogsbanka og við Vestmannaeyjar veiddust alls 970 tonn miðað við 590 tonn árið 1987. Svo mikill afli hefur ekki komið af þessum miðum síðan 1971-1972, enda beindu lakari aflabrogð við Suðausturland sókninni á þau í mun ríkari mæli en áður. Meðalafli á togtíma, sem var mjög hár árin 1985-1987 eða 56-57 kg, féll hins vegar niður í 42 kg árið 1988. Samkvæmt venju leiðir stóraukin sókn í humar af sér minnkandi afla á sóknareiningu. Þar við bættust slæm veðurskilyrði, einkum í júní, sem virtust eiga snaran þátt í dræmari afla, því veiðarnar gengu hlutfallslega vel er kom fram í júlí og meðalafli á togtíma var hærri en í sama mánuði 1987.



57. mynd. HUMAR. Spá um aldurs/lengdarskiptingu aflans á humarvertíðinni 1988 borin saman við aldurs/lengdarskiptingu aflans að vertíð lokinni.


Fig. 57. NEPHROPS. Prognosis of age/length distribution of the 1988 catch and the actual age/length of the catch.

Mikill samdráttur varð í humarafla á suðausturmiðum (Skaftárdjúp-Lónsdjúp) 1988 og veiddust aðeins 640 tonn á móti 1.500 tonnum 1987. Meðalafli á togtíma minnkaði jafnframt stórlega eða úr 56 kg 1987 í aðeins 36 kg 1988. Um 85% aflans fékkst í Meðallandsbug og Skeiðarárdjúpi, en sáralítill veiði var í Breiðamerkur- og Hornafjarðardjúpi miðað við fyrri ár. Í venjulegu árferði hafa veiðarnar mest verið stundaðar á síðast nefndu svæðunum fyrstu vikurnar. Árið 1988 brugðust þær hins vegar, m.a. vegna ótíðar í maí-júní, en einnig vegna minnkandi veiðistofns.

Skipting humaraflans eftir svæðum á árunum 1970-1988 er sýnd í töflu 20.17 og eftir aldri árin 1969-1988 í töflu 21.32. Á 57. mynd er sýnd spá, sem gerð var fyrir humarvertíðina 1988 um skiptingu aflans eftir áætluðum aldri (miðað við fjölda) og til samanburðar aflann að vertíð lokinni.

Humarvertíðin 1989 hófst 21. maí. Alls var úthlutað rúmlega 2.100 tonnum til 76 báta, í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan hámarksafla 1989 (Hafrannsóknastofnun. Fjölrit nr. 15).

Aflabrögð í maí og júní voru afar misjöfn. Framan af gengu veiðarnar einna best á Selvogsbanka, við Vestmannaeyjar og í Skeiðarárdjúpi, en fremur misjafnlega á hinum mikilsverðu svæðum í Breiðamerkur- og Hornafjarðardjúpi, enda þótt aflabrögð þar hafi verið skárri en á sama tíma 1988. Á suðvesturmiðum, t.d. við Eldey var aflinn mjög tregur framan af, en glæddist heldur þegar kom fram í júní.



58. mynd. HUMAR. Stærð humararganganna 1963-1985. Fjöldi við áætlaðan 6 ára aldur (í milljónum).

Fig. 58. NEPHROPS. Year classes 1963-1985 at estimated age 6 (in millions).


Tíðarfar var fremur rýsjótt í maí-júní eins og sömu mánuði árið 1988 og hafði það nokkur áhrif á aflabrögð þessa mánuði, þó ekki að sama skapi og árið áður. Þar eð veiðistofninn virðist í nokkurri lægð, er gert ráð fyrir því að meðalafli á togtíma 1989 verði mun lakari en 1985-1987 (53-67 kg), en þó betri en 1988, en þá var meðalafllinn aðeins 39 kg á togtíma.

15.2. Ástand stofnsins

Afli á sóknareiningu var góður allar vertíðirnar 1980-1987 (tafla 20.17), fyrst vegna sterkra árganga frá árunum 1971-1973 en síðari árin (1985-1987) vegna hárrar hlutdeildar í afla úr árgöngunum frá tímabilinu 1976-1979 og að nokkru leyti 1980. Á vertíðinni 1988 var hlutdeild þeirra áfram há á suðvesturmiðum en á suðausturmiðum brá hins vegar svo við að þeir voru lítt áberandi. Þessir árgangar virtust því hafa komið sérstaklega vel fram í veiðunum 1985-1987, m.a. vegna lítillar sóknar í þá fram til 1985 og óvenju góðra skilyrða til veiða árin 1985 og 1986. Þetta átti einkum við um suðausturmiðin.

Hvað aðra árganga í veiðinni snertir, eru 1981-1983 árgangarnir undir meðallagi og átti það enn fremur þátt í minnkandi aflabrogðum, þar sem 6-7 ára humar er jafnan umtalsverður hluti veiðistofnsins hverju sinni (58. mynd). Á sumum veiðisvæðum var þriggja til fjögurra ára humar (árgangar 1984 og 1985) hins vegar meira áberandi 1988 en um langt árabíl, enda þótt of snemmt væri að fullyrða nokkuð um styrk þeirra árganga þá.

Niðurstöður rannsókna framan af humarvertíðinni 1989 staðfesta fyrra álit um lakari árganga frá árabílinu 1981-1983, þegar tillit er tekið til stofnsins í heild. Virðist þetta eiga snaran þátt í minni veiðistofni og tregari afla á sóknareiningu árin 1988 og 1989 en árin 1985-1987.



59. mynd. HUMAR.
Afrakstur á þriggja ára
nýliða miðað við
mismunandi sókn
(veiðidánartölu).


Fig. 59. NEPHROPS. Yield
per 3 year old recruit.

Yngstu árgangarnir í veiðinni, þ.e. 1984 og 1985, sem fyrst komu áberandi fram í veiðum 1988, virðast hins vegar mun sterkari en þeir fyrrnefndu. Þar sem hlutdeild þeirra í aflanum framan af vertíðinni 1989 hefur verið nokkuð mismunandi eftir svæðum, ríkir ennþá nokkur óvissa um styrkleika þeirra árganga, en þeir munu koma veiðistofninum til góða einkum eftir 1990.

15.3. Horfur og tillögur um hámarksafla 1990

Undanfarin tíu ár hefur humarveiðin verið takmörkuð við sem næst kjörsókn í stofninn (59. mynd). Þrátt fyrir misgóða nýliðun og breytilegar umhverfisaðstæður hefur aflinn lengst af verið nokkuð stöðugur á bilinu 2.400-2.700 tonn á ári og meðalafli meiri en um langt árabíl

áður, eða um 45-60 kg á togtíma (60. mynd og tafla 20.17). Veiðidánartölur hafa því að jafnaði verið lægri en á áttunda áratugnum (56. mynd og tafla 21.34.).



Aukinn afli á togtíma frá og með 1980 byggðist að verulegu leyti á góðum árgöngum frá upphafi áttunda áratugarins, sem nú hafa runnið sitt skeið.

Á árinu 1988 brá svo við að árgangarnir 1976-1980 voru lítt áberandi við Suðausturland. Léleg aflabrogð 1988 áttu því rætur að rekja til minni veiðistofns auk óhagstæðs veðurfars og e.t.v annarra veiðiskilyrða.

TAFLA 10

Humar. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð humarstofnsins (tonn) árin 1989-1991.
Nephrops. Projection of fishable stock biomass (tonnes) for different management strategies in 1989-1991.


1988				1989		1990		1991
Stofn 6+	F ¹⁾	Afli	Veiðiráðgjöf	Stofn 6+	F ¹⁾	Stofn 6+	F ¹⁾	
Stock 6+		Catch	Aflhámark	Stock 6+		Stock 6+		
			TAC					
14.500	0.19	2.240	2.100	14.100	0.19	14.600	0.18	15.200
			2.400		0.21	14.300	0.21	14.700
			2.700		0.23	14.000	0.24	14.200

1) F = Veiðidánartala 6-13 ára. (F = Fishing mortality of estimated age groups 6-13.)

Þrátt fyrir nokkru betri aflabrogð framan af vertíðinni 1989 en árið áður, virðist veiðistofninn vera áfram í nokkurri lægð miðað við árin 1985-1987, m.a. vegna lélegri árganga frá árabílinu 1981-1983 (60. mynd og tafla 21.32). Spá um aldursdreifingu humars í aflanum

1989 og 1990, sem gerð var að lokinni vertíð 1988, gerir hins vegar ráð fyrir vaxandi hlutdeild yngri humars miðað við áður vegna betri nýliðunar árin 1984 og 1985 (61. mynd).

Af þessu leiðir að verði humarveiðin 1990 nálægt hámarki undanfarinna ára, þ.e. 2.700 tonn, mun veiðistofninn breytast lítið 1991 (tafla 10). Veiðin myndi hins vegar beinast í auknum mæli að smáhumri úr árgöngum 1984 og 1985. Við 2.400 tonna afla 1990 stækkar stofninn dálítið 1991. Enn frekari takmörkun veiða, t.d. við 2.100 tonna afla 1990, myndi leiða til verulegrar stækkunar veiðistofnsins árið 1991.



61. mynd. HUMAR. Spá um aldurs/lengdardreifingu í aflanum 1989 og 1990.

Fig. 61. NEPHROPS. Prognosis of age/length distribution of the 1989 and 1990 catches.

Með hliðsjón af þessu leggur Hafrannsóknastofnunin til að humarafli verði takmarkaður við 2.100 tonn árið 1990. Með því móti verður dregið úr sókn í smáhumar úr 1984 og 1985 árgöngunum og þeir nýttir til stækkunar veiðistofnsins á komandi árum. Þegar niðurstöður frá núverandi humarvertíð liggja fyrir verður þessi tillaga endursköðuð m.a. með tilliti til hugsanlegrar skiptingar milli svæða.

16. Hörpudiskur

16.1. Veiðarnar 1988-1989

Heildarafli hörpudisks 1988 var aðeins um 10 þús. tonn, en árið 1987 veiddust 13.272 tonn.


Þessi mikli samdráttur í veiðunum átti einkum rætur að rekja til áframhaldandi lágs markaðsverðs í Bandaríkjunum og voru nánast engar hörpudisksveiðar stundaðar annars staðar en á Breiðafirði.

Á þessu ári (1989) hefur sóknin í hörpudisk aukist á ný og eru markaðshorfur betri en undanfarin tvö ár. Heildarafli á hörpudiski ásamt aflanum í Breiðafirði árin 1969-1988 er sýndur á 62. mynd og töflu 20.16.

16.2. Ástand stofnsins


Samkvæmt niðurstöðum stofnmælingar á hörpudiski í Breiðafirði í mars 1989, hefur veiðistofninn stækkað um 10% frá því að síðustu athuganir voru gerðar í mars/apríl 1988, en

þá mældist stofninn minni en nokkru sinni áður með sambærilegum veiðarfærum (63. mynd). Stækkun stofnsins nú virðist einkum eiga rætur að rekja til góðrar nýliðunar enda er meðalstærð hörpudisks víða með minnsta móti. Ennfremur hefur minni sókn á árinu 1988 komið sumum miðunum til góða.



62. mynd.
HÖRPUDISKUR.
Heildarafli 1969-1988 ásamt
aflanum í Breiðafirði (heila
línan).

Fig. 62. ICELAND
SCALLOP. Total landings
during the period 1969-1988
along with the landings from
the Breiðafjörður area (solid
line).



63. mynd.
HÖRPUDISKUR.
Samánburður á stofnvísitölu
(V) hörpudisks frá
rannsóknnum á Breiðafirði
og afla á sóknareiningu hjá
skelbátum á sama svæði
árin 1977-1989.

Fig. 63. ICELAND
SCALLOP. Stock size index
(V) for Iceland scallop in
Breiðafjörður and CPUE
from scallop boats in the
same area during 1977-1989.

Meðalafli á sóknareiningu náði hámarki hjá skelbátum á Breiðafirði árin 1981-1983, eða um 1.000 kg á veiðistund (63. mynd). Árin 1984-1987 var meðalafllinn nokkru minni en þó stöðugur um 960 kg á veiðistund. Árið 1988 var meðalafli á veiðistund 945 kg og það sem af er árinu 1989 hefur afli á sóknareiningu verið svipaður og á sama tíma árið 1988.

16.3. Tillögur um hámarksafla 1990

Vegna minni veiðistofns í Breiðafirði samkvæmt stofnmælingum 1988, var lagt til að leyfilegur hámarksaflí á því svæði færi ekki fram úr 9 þús. tonnum 1989. Ekki voru lagðar til breytingar á hámarksafla á öðrum svæðum þar eð veiðar lágu nánast niðri.

TAFLA 11.

Hörpudiskur. Tillögur um hámarksafla á helstu miðum árið 1990.
Iceland Scallop. Recommended for TAC 1990.

Mið/Area	Afli (tonn)/TAC (tonnes)
Breiðafjörður	10.000
Patreks- og Tálknafjörður	200
Arnarfjörður	400
Dýrafjörður	150
Ísafjarðardjúp	500
Húnaflói	1.800
Vopnafjörður, Bakkaflói og Héraðsflói	500


Niðurstöður stofnmælingar á hörpudiski í Breiðafirði í mars 1989 benda til þess að veiðistofninn sé vaxandi á ný, bæði vegna góðrar nýliðunar og minni sóknar 1988. Vegna hárrar hlutdeildar af smáskel í stofninum, mun þessa hins vegar ekki gæta í auknum afla á sóknareiningu árið 1989, en gæti komið fram í veiðunum þegar árið 1990. Með hliðsjón af þessu leggur Hafrannsóknastofnunin til að leyfilegur hámarksaflí af hörpudiski í Breiðafirði árið 1990 verði 10 þús. tonn.

Ekki eru lagðar til breytingar á leyfilegum hámarksafla á öðrum svæðum, en víðast annars staðar en í Breiðafirði hafa veiðar verið með minnsta móti árin 1988-1989.

Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla á hörpudiski 1990 á hinum ýmsu miðum eru sýndar í töflu 11.

17. Rækja

17.1. Veiðarnar 1988-1989



64. mynd. RÆKJA.
Heildarrækjuafli 1964-1988 (slitna línan). Heila línan merkir afla á djúpslóð.

Fig. 64. PANDALUS.
Nominal catches at Iceland 1964-1988 (broken line) by years. The solid line represents nominal catches from offshore areas.

Rækjuafli á grunnslóð minnkaði lítið árið 1988. Nær enginn rækjuafli var á Breiðafirði, en á móti kom aukinn afli á Húnaflóa og Arnarfirði. Afli á grunnslóð mun lítið breytast árið 1989, aðallega vegna þess hversu hægt gengur að byggja upp stofnana á Húnaflóa og í Ísafjarðardjúpi. Ekki er útlit fyrir neinar rækjuveiðar við Eldey en aflahorfur á Breiðafirði 1989 eru betri en undanfarin ár.


Árið 1988 minnkaði rækjuafli á úthafinu verulega eða um 25%, úr tæplega 35 þús. tonnum í um 26 þús. tonn. Veiðileyfi fengu 249 skip árið 1988 en aðeins 180 þeirra nýttu það en 196 skip árið 1987.

Heildaraflinn varð tæp 30 þús. tonn árið 1988 en var tæp 39 þús. tonn árið 1987 (64. mynd og tafla 20.16).

17.2. Ástand rækju á grunnslóð 1989 og tillögur um hámarksafli 1990

Rækjustofninn við **Eldey** er enn í lágmarki eftir hrunið árið 1988. Talið er að afrán ungýsu ásamt of mikilli veiði árin 1985 og 1986 hafi átt mestan þátt á hvarfi rækjunnar (Ægir, 1.tbl. 1989, US). Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir neinum veiðum á þessum miðum árið 1990.

Vegna smárækju voru engar veiðar stundaðar í norðurfjörðum **Breiðafjarðar** árið 1988. Árið 1989 voru veiðar reyndar þarna í litlum mæli. Afli á sunnanverðum Breiðafirði var nær enginn árið 1988 og aðeins reitingur í Kolluál (38 kg/klst.) (tafla 20.18). Hugsanlegt er að afrán sterku ýsuárganganna frá 1984 og 1985 hafi haft einhver áhrif á stofnstærð við Snæfellsnes og við Eldey. Árið 1989 er afli mun betri bæði í Kolluál og á sunnanverðum Breiðafirði. Í fyrsta sinn í mörg ár hafa verið leyfðar rækjuveiðar allt inn á Bárðargrunn og Hryggi á Breiðafirði. Ekki eru gerðar tillögur um hámarksafli fyrir Breiðafjörð árið 1990, en mælt er með að leyfa þar aðeins veiðar á tímabilinu apríl-júní eins og verið hefur.



65. mynd. RÆKJA. Afli á sóknareiningu á grunnslóð 1967-1988 (1989 bráðabirgðatölur).

Fig. 65. PANDALUS. CPUE of *Pandalus* 1969-1988 (1989 preliminary) in inshore waters.

Í **Arnarfirði** hefur rækjustofninn minnkað og afli á sóknareiningu (65. mynd) fer minnkandi. Árgangar frá 1984 og 1985, einkum sá síðarnefndi, munu verða uppistaðan í veiðinni veturinn 1989-1990. Það veldur hins vegar áhyggjum að 1986 árgangurinn sem er þriggja ára veturinn 1989-1990 vantar alveg í veiðina. Af þessum sökum er lagt til að

hámarksafli fari ekki fram úr 500 tonnum veturinn 1989-1990.

Í **Ísafjarðardjúpi** er gert ráð fyrir að rækjustofninn og afli á sóknareiningu fari vaxandi er sterki árgangurinn frá 1987 verður tveggja ára. Eins og bent var á áður (Hafrannsóknastofnun. Fjölrit nr. 14) reyndist gæfulegt að taka upp notkun leggpoka til verndar 1987 árganginum. Gerðar voru tilraunir með leggpoka í Ísafjarðardjúpi í október 1988 og litlu seinna í Húnaflóa. Niðurstöður sýndu að smárækjan slapp betur í gegnum leggpoka og var notkun hans sett sem skilyrði fyrir veiðum frá byrjun veiða í Ísafjarðardjúpi í nóvember 1988 og frá ársbyrjun 1989 í Húnaflóa. Arnfirðingar tóku af sjálfsdáðum upp leggpoka í byrjun árs 1989.

Við gerð tillögu um hámarksafli í Ísafjarðardjúpi í júní 1988 var gert ráð fyrir að stofninn þar væri mun stærri en síðar kom á daginn. Eftir að niðurstöður lágu fyrir í tveim haustkönnunum í Ísafjarðardjúpi 1988, var tillagan um 2.200 tonna hámarksafli fyrir veturinn 1988-1989 (Hafrannsóknastofnunin. Fjölrit nr. 14) lækkuð í 1.000 tonn. Enda þótt stofnstærð fari vaxandi í Ísafjarðardjúpi, eru allir árgangar þriggja ára og eldri mjög fálíðaðir. Þess vegna er lagt til að hámarksafli verði 1.500 tonn veturinn 1989-1990 og þannig reynt að byggja stofninn frekar upp.

Tafla 12

Rækja. Tillögur um aflahámark
Pandalus. Recommended TAC (tonnes)

Svæði <i>Area</i>	Veturinn 1989-1990 <i>Winter 1989-1990</i>
Eldey	0
Breiðafjörður, sunnanverður	1)
Arnarfjörður	500
Ísafjarðardjúp	1.500
Húnaflói	1.300
Skagafjörður	100

1) Veiðar aðeins leyfðar á tímabilinu apríl-júní 1990. (*Season limited to April-June 1990.*)

Rækjustofninn í **Húnaflóa** og afli á sóknareiningu er enn lítill og líklegt að 1.800 tonna hámarksafli veturinn 1988-1989 hafi verið fullmikill. Veiðarnar einkenndust af mjög sterkum 1987 árgangi, en eldri árgangar reyndust fremur fálíðaðir í veiðunum þennan vetur. Notkun leggpoka á þó væntanlega eftir að skila sér í auknum afrakstri er frá líður. Lagt er til að stofninn verði betur réttur við og veiðar takmarkaðar við 1.300 tonn veturinn 1989-90.

Á **Skagafirði** hafa veiðar enn á ný verið stundaðar í tilraunaskyni. Veturinn 1984-1985 voru veidd þar í fyrsta sinn 300 tonn af rækju. Eftir mikla þorskgengd inn á Skagafjörð vorið 1985 hvarf rækjan nær algjörlega og veiðar hófust ekki aftur fyrr en haustið 1988 er leyfðar voru veiðar á 100 tonnum. Lagt er til að leyfðar verði veiðar á 100 tonnum veturinn 1989-1990.

Tillögur um hámarksafli á rækju á grunnslóð veturinn 1989-1990 eru sýndar í töflu 12. Ráðgert er að kanna innfjarðasvæðin áður en vertíð 1989-1990 hefst. Að þeim könnunum loknum verða tillögur um hámarksafli endurskoðaðar ef niðurstöður gefa tilefni til.

Meðalstærð rækju á hinum ýmsu svæðum er sýnd í töflu 20.19. Smæsta rækjan er yfirleitt innfjarða. Þó eru áraskipti að stærðinni og breytist meðalstærðin eftir árgangastyrk sem getur


verið mismunandi á hverju svæði.

17.3. Úthafsækja

Um miðjan síðasta áratug hófust úthafsækjuveiðar hér við land. Fram til ársins 1983 var úthafsækjuaflinn aðeins brot af heildarrækjuveiðinni (64. mynd). Veruleg umskipti urðu á árinu 1984 en þá fór úthafsækjuaflinn í rúm 16.500 tonn. Árið 1986 komst aflinn í 30 þús. tonn og náði svo hámarki 1987 þegar tæp 35 þús. tonn veiddust. Aflinn 1988 var aðeins 26 þús. tonn, en það er 4 þús. tonnum minni afli en tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir árin 1987 og 1988.

Miðin frá **Norðurkanti að Grímsey** eiga sér rúmlega áratugar sögu í úthafsækjuveiðunum. Veiðin var þó fremur lítil framan af en komst í rúm 6 þús. tonn árið 1983. Árin 1984 og 1985 veiddust rösk 12 þús. tonn á þessum svæðum, um 17 þús. tonn árið 1986 og tæp 25 þús. tonn árið 1987. Á árinu 1988 var aflinn minni eða um 21 þús. tonn þrátt fyrir dálitla stækkun veiðisvæðisins (tafla 20.18).

Afli á sóknareiningu, sem talinn er ein vísbending um ástand dýrastofna í sjó, var um og yfir 150 kg/klst. á norðurmiðum þegar veiðar hófust þar, en féll síðan ört (66. mynd). Tiltölulega litlar breytingar hafa orðið á stærð hinna hefðbundnu veiðisvæða Norðurkantur - Grímsey síðustu árin en veiðisvæðið stækkaði þó lítið eitt til norðvesturs á árinu 1988. Afli á sóknareiningu hefur farið minnkandi frá því árið 1985 úr 93 kg/klst. í 68 kg 1988 og hefur aldrei verið minni (tafla 20.18).



66. mynd. RÆKJA. Afli á sóknareiningu (A/S) á helstu úthafsækjuvæðunum 1974-1988. 1988 bráðabirgðatölur.

Fig. 66. PANDALUS. CPUE of Pandalus 1974-1988 in offshore areas. 1988 provisional.

Rækjuveiðarnar norðaustanlands á svæðinu frá **Sléttugrunni að Héraðsdjúpi** hófust árið 1984, en þá voru veidd þar tæplega 1.900 tonn og kom nær allur aflinn úr **Héraðsdjúpi**. Gífurleg aflaukning varð síðan á þessum miðum árið 1986 og fór þá aflinn upp í rúm 10 þús. tonn. Þetta orsakaðist bæði af auknum afla í Héraðsdjúpi en sérstaklega vegna veiða á nýjum miðum út af **Sléttu** og **Langanesi**. Um 2/3 hlutar aukins afla á djúpslóð 1986 fékkst á þessum nýju miðum. Árið 1987 minnkaði afli í rúm 7 þús. tonn. Sókn drógst saman um meira en helming á árinu 1988 á norðausturmiðum og afli hefur einnig minnkað og varð aðeins rúm 2 þús. tonn. Síðan árið 1986 hefur afli á sóknareiningu farið minnkandi á norðausturmiðum úr

125 kg/klst. í 85 kg árið 1988.

Veiðar voru nú stundaðar í fyrsta sinn á **Rauða torginu** austan við Tangaflak eftir ítarlega könnun í maí 1988. Áætlaður aflí á þessum miðum var um 800 tonn árið 1988.

Í **Kolluál** hefur aflí á sóknareiningu aldrei orðið minni en árið 1988 eða 38 kg/klst. en var 50 kg 1987 og 86 kg árið 1986.

Þegar þróun úthafs-rækjuveiðanna undanfarin ár er athuguð, er ljóst að sóknin er orðin alltof mikil. Þrátt fyrir að veiðisvæðið á Norðurkanti hafi stækkað dálítið og veiðar hafist á nýjum miðum út af Austfjörðum fer aflí á sóknareiningu á hefðbundnum miðum ört minnkandi og heildaraflí hefur dregist saman. Allgott samband er á milli afla á sóknareiningu og veiða árána á undan, þannig, að því meira sem veitt er, þeim mun minni verður aflí á sóknareiningu í kjölfarið. Með stöðugt vaxandi meðalafli á miðunum frá Norðurkanti að Grímsey minnkar aflí á sóknareiningu jafnt og þétt úr 93 kg hæst árið 1985 í 68 kg árið 1988 (tafla 20.18). Þegar byggt er á meðalafli árána 1986-1988, sem er tæpt 21 þús. tonn, má út frá þessu sambandi gera ráð fyrir, að aflí á sóknareiningu árið 1989 verði enn minni en árið 1988 eða um 58 kg/klst.

Þar sem aflí á sóknareiningu er vísbending um stofnstærð, er ljóst að stærð úthafs-rækjustofnana hefur farið minnkandi. Þótt rækjan sé sumstaðar stærri árið 1988 en 1987 (miðað við fjölda í kg - tafla 20.17), benda athuganir á lengdardreifingu rækjunnar til þess að nýliðun sé í meðallagi á flestum veiðisvæðunum.

